


Akureyri

Desember 2022



*Eflum
norðlenska
jólaverslun*



KAUPMANNAFÉLAG
AKUREYRAR

GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA Í YFIR 30 VERSLANIR
OG VEITINGASTAÐI Á GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á [GLERTORG.IS](https://glertorg.is)



Tónleikar Birkis Blæs í heimabænum



■ Tækifæri er til að sjá Idol stjórnuna Birki Blæ á Græna hattinum 29. desember.

Akureyringurinn og tónlistarmaðurinn Birkir Blær sem vakti gríðarlega athygli þegar hann sigraði í Idol söngkeppninni í Svíþjóð fyrir réttu ári síðan heldur tónleika á Græna hattinum fimmtudaginn 29. desember. Þetta eru fyrstu tónleikar hans í heimabænum eftir sigurinn í Svíþjóð en vitanlega stóðu Akureyringar fast við bakið á sínum manni í keppninni. Þann stuðning ætlar Birkir Blær að launa

með tónleikunum á Græna hattinum en hann býr í Stokkhólmi og starfar sem tónlistarmaður.

Fyrir sigurinn í sænska Idolinu fékk Birkir Blær m.a. samning hjá Universal útgáfunni og hefur hann verið að vinna að útgáfu plötu og koma fram við ýmis tækifæri með þekktum sænskum tónlistarmönnum. Birkir Blær hefur einnig vakið athygli lagahöfunda í Svíþjóð sem hafa unnið fyrir marga þekhta tónlistarmenn í heimin-

um sem hafa lýst á huga á að vinna með honum.

Á tónleikunum á Græna hattinum ætlar Birkir Blær að flytja eigin tónlist, bæði útgefna og óútgefna, í bland við kraftmikla soul- og blústonlist sem hann flutti í keppninni, sem og önnur lög sem eru í uppáhaldi hjá honum. Hljómsveit hans á tónleikunum skipa Emil Þorri Emilsson, Tómas Leó Halldórsson, Eyþór Ingi Jónsson og Hreinn Orri Óðinsson.



Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.

Útgáfu- og ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Hólmgeir Karlsson.

Auglýsingar: Inga Ágústs dóttir, inga@ritform.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is

Við erum líka á Facebook!



KAUPMANNAFÉLAG
AKUREYRAR



Gott til
endurvinnslu



MEÐ
ÖRYGGI

Rachael Efta og félagar hennar
nýta þjálfun sína, kunnáttu og
traust til hvers annars til að
 tryggja öryggi á Big Sky
 skíðasvæðinu.



KEMUR
FRELSI



RACHAEL EFTA, SNJÓEFTIRLIT BIG SKY SKÍÐASVÆÐIÐ & MADISON ROSE OSTERGREN, ATVINNUSKÍÐAKONA.

SPORTVER

GLERÁRTORGÍ - SPORTVER@SPORTVER.IS - 461-1445



■ Vél Niceair lenti í fyrsta sinn á Akureyri þann 30. maí síðastliðinn og í kjölfarið hófst reglubundið millilandaflug félagsins sem farið hefur vel af stað.

Mynd: Axel Þórhallsson

Starfsemi Niceair hefur farið vel af stað

Hugleiða að fjölga ferðum til Kaupmannahafnar

Til greina kemur hjá Niceair að með vorinu verði bætt við einni ferð í viku milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Nú eru tvær ferðir í boði á viku milli þessara áfangastaða en æ fleiri fljúga til Kaupmannahafnar og nýta Kastrup-flugvöll sem tengivöll fyrir áfangastaði hér og hvar í heiminum.

„Frá Kastrup eru í boði um 200 áfangastaðir víða um heim og okkar farþegar sem hefja ferðina á Akureyri eru að uppgötva þennan góða kost. Við ætlum því að skoða vandlega hvort grundvöllur sé fyrir að fljúga milli þessara áfangastaða þrisvar í viku,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair. Kosturinn fyrir farþega norðan heiða við að nýta tengiflug um Kaupmannahöfn er m.a. að ferðalangar komast á næturstað á einum degi.

Spennt fyrir Spáni

Auk þess sem félagið flýgur til Kaupmannahafnar er eitt flug í viku milli Akureyrar og Tenerife. Næsta vor bætast Alicante og Barcelona á Spáni við og segir Þorvaldur Lúðvík að fólk sé spennt fyrir nýjum áfangastöðum. „Við heyrum að fólk hlakkar til að komast í sólina á Spáni.“

Hann segir að rekstur Niceair hafi í



■ Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Niceair.

aðalatriðum gengið samkvæmt áætlun, „og framar okkar vonum í raun,“ segir hann. „Við finnum fyrir miklum stuðningi í samfélaginu og hann er okkur ómetanlegur. Það hefur örugglega enginn áhuga á því að stíga skrefið til baka og leggja af reglulegt beint flug frá Akureyrarflugvelli. Það fer kannski að komast í sögubækur að fólk aki sex tíma leið til að komast í flug til útlanda.“

Bæta lífsgæði í landshlutanum

Þorvaldur Lúðvík segir að löngu hafi verið tímabært að bjóða upp á beint flug að norðan og út í heim.

„Við fórum af stað í vor, það var

góður tími að okkar mati. Kórónuveirufaraldurinn var á hröðu undanhaldi og greinilegt að nokkur ferðaðorsti var ríkjandi enda hafði fólk lítið verið á faraldsfæti meðan faraldurinn geysaði,“ segir hann.

Hluthafar félagsins eru flestir úr nærsamfélaginu, fyrirtæki og einstaklingar sem lagt hafa fram fjármuni og segir Þorvaldur Lúðvík alla vilja leggja sitt af mörkum til að bæta lífsgæði íbúa í landshlutanum. Sem og að auka aðgengi erlendra ferðamanna að náttúruperlum norðan heiða.

niceair.is

Ertu klár í snjóinn?

STIGA



vél
sleða
fatnaður

FXR



öryggis-
búnaður

sleðar
frá **15.990**



En í ferðalagið?



britax

**bíl
stólar**

Njótum samverunnar
og verum örugg í
umferðinni um jólin.

Þú getur skoðað
vetrarúrvalið
á **hesja.is**

**Hesja ehf. &
AB varahlutir**

Frostagötu 2 - Akureyri
415 6 415 - hesja.is




netgíró

Unaðsstundir á Árskógssandi



■ Hótel Kaldi er nýjasta viðbótin í rekstri eigenda Bruggsmiðjunnar og Bjórbaðanna á Árskógssandi.



■ Bjórböð, kvöldverður og gisting á Árskógssandi er uppskrift að ljúfri slökun.

Þann 1. september síðastliðinn var Hótel Kaldi opnað á Árskógssandi en að því standa eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda og Bjórbaðanna. Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, segir með þessu opnast frekari tækifæri til að bjóða gestum upplifun á Árskógssandi; hótलगistingu, spa í Bjórböðunum, kynningu á bjórframleiðslunni og málsverð á veitingastað Bjórbaðanna.

Gisting, bjórbað og kvöldverður

„Í þessum fyrsta áfanga Hótel Kalda eru fimm rúmgóð og vel búin tveggja manna herbergi. Tilkoma hótelsins opnar okkur nýja möguleika því við höfum ekki áður getað boðið gistingu hér á staðnum sem margir hafa leitað eftir,“ segir Agnes en í boði er pakkaðboð á gistingu með morgunverði, spa í Bjórböðunum og kvöldverði en hún segir verkefnið framundan að markaðssetja hótelið bæði fyrir innlendum og erlendum ferðamönnum.


„Þó við höfum opnað hótelið fyrir fáum vikum þá er það strax byrjað að spyrjast út til erlendra ferðamanna og byrjað að bókast. Þetta fer því vel af stað og við hlökkum til að bjóða gestum enn fleiri unaðsstundir hjá okkur,“ segir Agnes.

Jólabjórarnir komnir á markað

Nú stendur sala á jólabjór sem hæst á útsölustöðum vínbúðanna og á veitingahúsum en Jóna-Kaldi og



■ Vel búið tveggja manna herbergi og útsýni til Hríseyjar.



■ Á hótelinu eru nú fimm tveggja manna herbergi komin í notkun.

Súkkulaði-porter frá Bruggsmiðjunni hafa um árabíl verið meðal eftirsóttustu innlendu handverksbjóranna.

„Framleiðslan á jólabjór hjá okkur er svipuð og í fyrra en hærra hlutfall framleiðslunnar en áður fer á kúta til veitingahúsa og í dósir. Dósabjór er í mikilli sókn í framleiðslu Bruggsmiðjunnar og það er þróun sem er alls staðar að eiga sér stað. Neytendur hugsa æ meira um umhverfismál og möguleikana á endurvinnslu umbúða og það er helsta skýringin á þessari þróun,“ segir Agnes.

bruggsmidjan.is
bjorbodin.is

Ilse Jacobsen

Feldur

Karen by Simonsen

Spa of Iceland

MIFUKO

Hring eftir hring

my letra

mjöll

Óskabönd

Humdakin

Loqi

DOTTIR Nordic Design

Vanilla Fly

Meraki

Nepali Armbönd

ZARKO PERFUME

Timi of Sweden

Dyberg/Kern

og margt fleira

www.kista.is



*Hlökkum til að sjá þig
í Hofi í desember*



Airfryer er jólagjöf ársins



■ Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri ELKO.

Airfryer hitablástursofn er jólagjöf ársins samkvæmt könnun sem ELKO gerði nú í aðdraganda jóla. Í öðru sæti er snjallsími og PS5 leikjatölvan í því þriðja. „Mikil og góð viðbrögð við jólakönnun ELKO gleðja okkur mjög og segja kunnugir okkur að mjög gott sé að svör frá átta þúsund manns í svona könnun, líkt og við fengum. Við sendum könnunina á póstlista ELKO, og buðum svo líka gestum á vef ELKO að taka þátt. Áhuginn endurspeglar líka að fólk getur vel hugsað sér raftæki til gjafa, enda segjast yfir 95 prósent ætla að fletta jólagjafahandbók ELKO sem kemur út fyrir jólin,“ segir Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri ELKO.

Skilarétturinn skiptir miklu máli

Auk þess sem marga dreymir um Airfryer ofn þá eru heyrnartól, snjallúr, sjónvörp, ryksuguvélmenni og kaffivélar einnig ofarlega á óskalistanum. Margir nefna líka stærri heimilistæki á borð við uppþvottavélar og sjónvörp.

ELKO spurði um ýmislegt sem við kemur jólagjöfum, svo sem hvort fólk hafi einhvern tímann fengið samskonar jólagjafir. Því svaraði meira en helmingur aðspurðra játandi. „Þegar slíkt kemur upp skiptir skilarétturinn máli en hann er óvída víðtækari en hjá



■ Spennigurinn byggist jafnt og þétt upp hjá ungu kynslóðinni. Könnun ELKO staðfestir líka að yfir þriðjungur gæludýraeigenda gefur þeim pakka.



■ Airfryer hitablástursofn verður örugglega í mörgum pakkanum undir trénu í ár.

ELKO. Jólagjöfum má skila allt til 31. janúar 2023, líka þó þær hafi verið teknar úr pakkningum og prófaðar. Það má því segja að sterkur skil-

aréttur tryggi að allar jólagjafir hitti í mark,“ segir í frétt ELKO.

Gæludýrin fá líka pakka


Þá var fólk spurt að því hvort það gæfi gæludýrum sínum jólagjöf. Rúm 37 prósent gera það. Ef bara er horft til svara þeirra sem eiga gæludýr kemur í ljós að um 70 prósent gæludýraeigenda gleðja dýrin sín með gjöf um jólin. Könnunin sýnir sömuleiðis að tæpur helmingur heimila notar snjallperur og því gætu snjallperur ratað í einhverja pakka – eða í skóinn frá kertasníki á aðfangadag!

elko.is



 DESOTO

SKYRTUR
Í ÚRVALI


Herradeild
SÍMI 462 3599
-Fötin skapa manninn

JMJ og Joe's eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Jólastemning í Kistu

Opíð verður í versluninni Kistu í menningarhúsinu Hofi fyrir alla jólatónleika sem verða þar í desember þannig að tónleikagestum gefst kostur á að líta á úrvalið þar áður en þeir byrja. Katrín Káradóttir, eigandi Kistu, segir að það sé sérstaklega gaman að reka verslun í Hofi í desembermánuði.

Katrín segir verslunarrekstur vera að þróast í annars vegar netverslun og hins vegar í verslanir með mikla þjónustu. „Við erum alltaf að bæta okkar vefverslun en ég trúi því ekki að allir vilji kaupa allt á netinu. Ég held að enn sé pláss fyrir litlar sérverslanir þar sem eigandinn vinnur og hefur lagt sig fram um að velja fallegar vörur inn í sína verslun.“

Katrín segir að danska fatamerkið Karen by Simonsen hafi komið inn á akureyska markaðinn eins og stormsveipur. „Þetta er einstaklega flott og fjölbreytt merki sem greinilega fellur í kramið hjá akureyskum konum á öllum aldri,“ segir Katrín. Dyberg og Kern skartgripirnir eru væntanlegir í Kistu en af öðrum vinsælum skartgripum í Kistu má nefna my lettra, mjöll, Óska-bönd og Hring eftir hring.

As We Grow ullarfatnaður úr alpaca ull verður án efa í mörgum jólapökkum í ár. Sailor peysurnar eru mikil keyptar og þá nýtur Ilse Jakobsen vinsælda á Akureyri. Regnkápur, gúmmístígvél, jakkar og úlpur í Kistu



■ Katrín Káradóttir, verslunareigandi í Kistu í Hofi.

Jólate Þórhildar

1 lítri eplasafi
4 dl vatn
1 tsk hunang
5 negulnaglar
1-2 kanelstangir
1 tepoki (Melroses)

Öllu skellt í pott og hitað

er allt fatnaður sem hentar vel veðurfari á norðlægum slóðum. Þá selur Kista MiFuko sem er samvinnuverkefni finnskra og kenískra hönnuða og handverskfólks, handgerðar körfur, fuglar, stjörnur og könglar úr tré, keramik, endurunnu plasti, pappa og hálm. Hverri vörur fylgir undirskrift þess sem gerir hlutinn.

kista.is



■ Packbags tösukur eru væntanlegar í desember.



■ Vörurnar frá Timi of Sweden eru komnar aftur.



■ DYBERG/KERN er nýtt merki í Kistu.



Gleðilega rafmagnaða hátíð

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsfólki og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs. Við hlökkum til að verða samferða ykkur á orkuneti framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð.

RARIK Í 75 ÁR



RARIK ehf | www.rarik.is



Allt það besta í Krónunni

Strax var tekin sú stefna að hér yrði allt fyrsta flokks þegar ákveðið var að bjóða upp á þessa nýju verslun hér við Tryggvabraut 8. Við erum hér í nýreistu húsi, öll tól og tæki eru auðvitað glæný og við munum kappkosta að bjóða okkar viðskiptavinum allt það besta, bæði í vöruvali og þjónustu," segir Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri nýrrar verslunar Krónunnar á Akureyri sem opnaði á dögunum.

Mikil áhersla á ferskvöru

Um 2000 fermetra húsnæði var reist utan um starfsemina. Skóflustunga að því var tekin 1. desember fyrir ári síðan og nú iðar þar allt af lífi í stórglæsilegri Krónuverslun. Bjarki segir að á byggingartímanum hafi hann fundið fyrir mikilli eftirvæntingu hjá Akureyringum varðandi þessa nýju búð og greinilegt að þeir fagna nú auknu vöruúrvali á hagstæðu verði.

„Aðalsmerki Krónunnar hér líkt og

annarra verslana fyrirtækisins, verður breitt úrval af góðri ferskvöru, bæði í ávöxtum og grænmeti sem og kjöti en í versluninni geta viðskiptavinir fylgst með kjötiðnaðarmönnum skera og pakka vörurni. Þá tökum við fullan þátt í stafrænu þróuninni, meðal annars með þjónustu á borð við Skannað og skundað sem er skanni og sjálfsafgreiðslulausn í símanum. Strax eftir áramót munum við gefa kost á nýrri tegund snjallverslunar þar sem þú kaupir í gegnum síma eða tölvu og færð vöruna senda beint heim," segir Bjarki.

Tilbúnir réttir í boði

Í Krónunni á Akureyri er að finna tvo nýja „take-away“ staði þar sem fólk getur keypt tilbúna rétti og greitt við kassann með öðrum vörum. „Þessi nýjung hjá Krónunni hefur mælst vel fyrir og hér hjá okkur getur fólk keypt sér annars vegar sushi rétti frá RUB23 og hins vegar gómsæta rétti

frá Wok On. Það má því segja að við séum að auka fjölbreytnina í veitingahúsaflórunni á Akureyri og mikil þægindi fyrir fólk að geta gripið með sér tilbúna rétti samhliða innkaupum í Krónunni," segir hann.

Hlökkum til jólanna

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir þau virkilega spennt yfir því að opna Krónuverslun á Akureyri. „Þetta er ein af okkar glæsilegustu verslunum og frábært að geta loksins boðið okkar þjónustu og vöruúrval til íbúa Akureyrar og nærliggjandi sveita. Við hlökkum til undirbúnings jólanna með Akureyringum og fögnum því einnig að nú eru nærri fimmtíu nýir starfsmenn sem við bjóðum innilega velkomna í Krónuteymið.“

kronan.is



■ Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri, segir það mikil tímamót fyrir Norðlendinga að Krónan hafi nú opnað verslun á Akureyri.



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG



Allt fyrir jólin

Í nýrri og glæsilegri verslun
okkar á Freyjunesi.

Verið velkomin



■ Jólakvöldið í Húsgagnahöllinni í nóvember markaði upphaf jólaverslunarinnar sem hefur verið stigvaxandi. Frá vinstri: Ragna Þórisdóttir, verslunarstjóri, Hrafnhildur Þórhallsdóttir og Bjarki Jónasson.

Allt sem þrýðir falleg heimili

VÞórisdóttir, verslunarstjóri hjá Húsgagnahöllinni við Dalsbraut á Akureyri en þar undir sama þaki eru einnig verslanirnar Dorma og Betra bak. Samlegðaráhrif af þessu fyrirkomulagi eru góð, vöruúrval er fjölbreytt og finna má allt sem þrýðir falleg heimili.

Allt á einum stað

Ragna segir að ný rúm hafi verið að berast, sófar eru í úrvali og allt sem þarf í borðstofuna, hvort heldur eru borð, stólar eða leirtau og önnur smávara. „Við erum með þetta allt og viðskiptavinir kunna að meta það að geta verslað allt sem þarf á einum stað,“ segir hún.

Nýlega bættist við vöruúrvalið þegar sælkeramatvara var tekin inn, sem dæmi nefnir hún sýróp, sinnep, krydd, sultur, trufflur og nuggat.

„Þetta er virkileg gæðavara sem fólki líkar mjög vel,“ segir hún. „Við bjóðum upp á gjafaöskjur í góðu úrvali og einnig eru aðventudagatölin vinsæl.“



■ Jólatröllin bræða hjörtu allra.

Margir nýta sér afslátt í nóvember

Mikil verslun hefur verið í ár og jóla-verslun má segja að hefjist með árlegu jólakvöldi sem haldið var í nóvember. Þar var mikil og góð stemmn-ing. „Nóvember er orðinn góður sölu-mánuður. Þá eru þessir afsláttardag-



■ Það er auðvelt að finna eitthvað í pakkann í gjafavörudeildinni og fallegar skreytingar fyrir heimilið.

sumt langt að komið. Íbúar á Austurlandi hafa verið góðir viðskiptavinir í gegnum tíðina og þeir sem aðrir nýtt sér tíðarfarið til jólainnkaupa.

ar sem hafa komið vel út og fólk nýtir sér greinilega að fá vörur á góðu verði enda fin kjarabót,“ segir Ragna.

Hún segir góða tíð og færð hafa gert að verkum að mikið er af fólki í bænum og

husgagnahollin.is



■ Glæsilegt hvítt leðursófasett hefur slegið í gegn hjá viðskiptavinum.



■ Rúm af öllum stærðum og gerðum fást í versluninni. Margir nota einmitt jólin sem tilefni til að endurnýja rúmið.



FAT MOOSE
YFIRSKIRTUR
BOLIR OG
BUXUR

Joe's
Tískuverslun
SÍMI 462 6200
AKUREYRI

Joe's og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Stemningin í desember er engu lík

Desember er alltaf góður og skemmtilegur mánuður. Hann er annasamur en stemmningin sem honum fylgir er engu lík,“ segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri hjá Pennanum Eymundsson á Akureyri. Jólaverslun hefur farið vel af stað, mikil umferð er um verslunina og jólabækurnar voru óvenju snemma á ferðinni í ár. Þær fyrstu komu í hús í september.

Nýjum rithöfundum vel tekið

Bókaúrvalið í ár er fjölbreytt og gott, hæfileg blanda af öllu, spennusögur frá sígildum höfundum, ævisögur og fræðibækur. Barna- og unglingabækur eru einnig margar í ár og lofa góðu. Guðný segir að flestar bækur hafi verið komnar upp úr miðjum nóvember og það megi teljast gott.

„Fólk kemur og lítur yfir úrvalið,

flettir, skoðar og veltir vöngum hvaða bók passi best í hina og þessa jóla-pakka. Þó margt hafi breyst í samfélaginu á umliðnum árum þá höldum við sem betur fer í þá góðu hefð að gefa hvort öðru bækur á jólnum. Fyrir marga eru jólin einmitt það að koma sér vel fyrir með góða bók,“ segir Guðný. „Allir gömlu góðu höfundarnir eru með í ár og setja alltaf svip sinn á jólasöluna en margir nýir höfundar hafa verið að koma fram á sjónarsviðið undanfarin ár og ég sé ekki betur en þeim sé vel tekið líka. Sem er gaman.“

Púsl, borðspil, leikföng og gjafavara

Bóksalan er jafnan mikil og góð í jólamánuði en Guðný segir að vöruúrvalið í verslun Pennans Eymundsson sé fjölbreytt. Þar megi finna margt annað en bækur. Leikföng eru í úrvali og fyrir börn á öllum aldri. Það sama má

segja um gjafavöru þar sem margt fallegt og nytsamlegt er að finna. Margar fjölskyldur taka sig til yfir jólin og púsla eða spila borðspil og hægur vandi er að kippa slíkum spilum með í næstu verslunarferð. Þá er úrval af vönduðum og góðum húsgögnum til sölu á annarri hæð verslunarinnar.

Jólasveinar verða á ferðinni laugar-daginn 10. desember og mæta að venju á sálir Pennans Eymundsson líkt og þeir hafa gert í áratugi. „Þeir laða alltaf til sín mikinn fjölda, fjölskyldur mæta í miðbæinn og hlusta á sveinana syngja nokkur lög og gera sér glaðan dag í leiðinni. Þetta er gömul hefð og ég verð ekki konan sem brýtur hana,“ segir Guðný.

penninn.is



■ Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri, með eina af jólabókunum, glæpasöguna Strákar sem meiða eftir Evu Björgu Ægisdóttur.



VORHÚS

NJÓTTU ÞÍN

með jólatínu Vorhús



Jólin komin í Freyjunesi

Það má alveg fullyrða að jólin eru komin hér í Húsasmiðjunni í Freyjunesi. Þetta er fyrsta jólatörnin hérna og það hefur verið skemmtilegt að takast á við það verkefni að setja jólin upp í nýrri búð. Ég er stolt af mínu fólki og þeim hefur tekist mjög vel að breyta búðinni í hálfgerð jólaland,“ segir Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri.

Jólagleðin ríkjandi

„Jólasleðinn sem við áttum á Lónsbakka fékk að fylgja okkur hingað og hann heillar börnin eins og hann hefur gert í mörg ár og hafa margar myndir verið teknar af börnum bæjarins á sleðanum. Búðin okkar er full af jólaljósum og jólas krauti og hér er komin mikil jólastemning. Við áttum skemmtilega stund hérna um daginn þegar við fengum jólasveina til að hjálpa okkur að kveikja á jólatrénu sem er fyrir utan verslunina. Sveinkarnir sungu og skemmtu krökkunum og auðvitað voru þeir með eitthvað gott í pokunum sínum. Það er aldrei að vita nema þeir kíki aftur til okkar þegar nær dregur jólum,“ segir verslunarstjórinn.

Ryksugur og rafmagnsverkfæri

Kristín Dögg segir að í Húsasmiðjunni sé vel tekið á móti öllum þeim sem eru að huga að jólagjöfum fyrir sitt fólk. „Það má segja að hér sé að finna nær endalausa möguleika á jólagjöfum. Fyrir þá handlögnu, og auðvitað þá sem ætla sér að verða það, eru rafmagnsverkfærin alltaf vinsæl og þau eru meira að segja til í formi skrauts á jólatréð! Til heimilishalds finnum við að skúringavélar og ryksuguróbótar vekja mikla lukku og í búshaldadeildinni má finna margt sem hentar í jólapakkann; töff pottasett, allskyns borðbúnað og ýmislegt annað sem er fullkomið í jólapakkann. Þá er Blómaval stútfull af falletgri gjafavöru innan um allt jólas krautið og ef það fer að snjóa yrðu börnin nú ánægð með snjópotu í pakkann sinn. Og svo heimsækja jólasveinarnir okkur reglulega því



■ Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri.



■ Margir nota tækifærið í aðdraganda jóla og endurnýja heimilistækini.

það er ýmislegt til hérna sem hentar í litla skó.“

Öll undir sama þaki

Kristín Dögg minnir á að systurfyrirtækin þrjú: Húsasmiðjan, Blómaval og Ískraft, eru nú í fyrsta sinn saman undir einu þaki á Akureyri í aðdraganda jóla. „Við höfum búið saman í rúmlega hálfu ári og ég get fullyrt að við erum öll í skýjunum með sambýlið. Það er ekki aðeins að við starfsmennirnir verðum nánari heldur getum við þjónustað viðskiptavinum okkar betur en áður. Það er jú aðalatriðið



■ Sannarlega er jólalegt um að litast og hér fæst allt til að skreyta heimilin að utan sem innan.

en við erum með allt til staðar, bæði úrvals vörur og mikla þekkingu starfsmanna. Það er allt sem þarf,“ segir Kristín Dögg að síðustu.

husa.is
blomaval.is
iskraft.is

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA RÉTTU GJÖFINA

Það má skila jólagjöfum með
jólaskilamiða til 31. janúar.
Sjá skilmála á elko.is.



ELKO 

■ Allt sem hugurinn girnist fyrir tónlistarfólk, byrjendur eða lengra komna.

Hljóðfæri er besta jólagjöfin

Tónabúðin hefur verið starfrækt á Akureyri frá árinu 1966. Hún hefur allan þann tíma sinnt þörfum tónlistarmanna á öllum aldri með hljóðfæri, fylgihluti og aukahluti, auk þess að selja hljóðkerfi, ljósakerfi, upptökubúnað og almennan sviðsbúnað fyrir stofnanir, skemmtistaði, fyrirtæki og félagsamtök.

Haldið aftur af verðhækkunum

Eftir heimsfaraldur og aðrar kreppur sem lagst hafa yfir jarðarbúa síðustu ár og misseri, hefur verið talsvert um vöruvöntun og tafir á afhendingum. Einnig hafa miklar hækkanir orðið á aðföngum fyrir framleiðendur sem hefur skilað sér í hærra innkaupsverði en einnig hefur gengi evru og dollars hækkað verulega síðastliðin 2 ár. „Þetta allt hefur orðið til þess að við höfum þurft að vanda okkur enn meira við innkaup og skipulag, t.d. skiptir miklu máli að reyna að koma pöntunum saman frá fleiri framleiðendum og ná þannig samlegðaráhrifum til lækkunar á flutningskostnaði. Með þessu móti höfum við getað haldið talsvert aftur af verðhækkunum,“ segir Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri.

Allt sem hugur tónlistarfólks girnist

Tónabúðin býður sem áður úrval af hljóðfærum í verslun sinni á Akureyri og í Hljóðfærahusinu í Síðumúla 20 í Reykjavík. Heimasiða fyrirtækjanna www.hljodfaerahusid.is er jafnan



■ Tónabúðin er við Glerárgötu á Akureyri.



■ Auk hljóðfæra selur Tónabúðin ýmsa fylgihluti sem hljóðfærum og tónlistarflutningi tengjast, s.s. strengi, gítarneglur, snúrur, taktmæla og fjölmargt fleira.

uppfærð daglega með nýjum vörum. Trausti segir vinsældir hennar aukast með hverri viku og að netverslun sé

orðin stór partur af daglegri sölu verslananna.

„Við eigum úrval af kassagíturum, trommusettum, hljómborðum, rafmagnsgíturum, bassagíturum, mögnurum fyrir hljóðfæri eða söng og hljóðkerfum af öllum stærðum. Við bjóðum margs konar upptökubúnað sem breytir venjulegri heimilistölvu í hljóðver ásamt heyrnartólum og hljóðnemum í úrvali. Allt sem hugurinn girnist fyrir tónlistarfólk, byrjendur eða lengra komna.

Að okkar mati er hljóðfæri besta jólagjaf sem hægt er að fá.“

hljodfaerahusid.is



Milwaukee

ALVÖRU VERKFÆRI Í HARÐA PAKKA

VERKFÆRA SALAN



■ Hesja ehf. og AB varahlutir eru í Frostagötu 2 við Norðurtorg. Þar er að finna úrval jólagjafa, allt frá litlum Stiga sleðum upp í alvöru ferðatæki.

Ef það skyldi koma vetur!

Í verslun AB varahluta og Hesju ehf. í Frostagötu 2 við Norðurtorg má finna allt sem viðkemur ferðatækjum og ferðasportinu. Við reynum að vera með allt sem tengist vélsleðum, fjórhjólum og mótörhjólum,“ segir Andri Ríkharðsson hjá Hesju ehf., sem bætir við að úrvalið hefur aldrei verið meira.

Fatnaður fyrir sportið

„Öryggið er auðvitað lykilatriði í öllu sporti og þar erum við með gott úrval af hjálmum, gleraugum, skóm, snjóflóðabúnaði og fleiru. Vinsælustu gjafirnar eru svo alltaf fatnaðurinn fyrir sportið, sem getur verið allt frá hönskum og upp í alvöru heilgalla. Það er ljóst að mikill spenningur er hjá starfsmönnum Hesju fyrir komandi vetri. Við erum í það minnsta klár, svona ef það skyldi koma vetur,“ segir Andri.

En í versluninni fæst ekki aðeins allt sem viðkemur ferðatækjunum, heldur einnig tækin sjálf. Hesja ehf. er umboðsaðili vinsælu Segway ferðatækjanna á Íslandi og Arctic Cat vélsleðanna á Akureyri. Segway merkið var svo til óþekkt hér á landi um síðustu áramót en endar árið sem eitt mesta selda merki ársins.



■ Segway fjórhjólin njóta gríðarlegra vinsælda enda reynslan af þeim ótrúlega góð.

Stiga sleðarnir í jólapakkann

„Vinsældir Segway eru langt umfram væntingar og reynslan af þeim ótrúlega góð. Það skemmtilegasta sem hefur verið að breytast í fjórhjólheiminum á Íslandi er að þetta er ekki lengur einn ákveðinn hópur. Það er allskonar fólk að fá sér fjórhjól. Þetta er orðin mjög vinsæl leið til að ferðast um landið og fara á staði sem

flestir hafa ekki komið á áður,“ segir Andri. „Hins vegar passa fjórhjól og vélsleðar illa í jólapakkann, en Stiga sleðarnir geta ekki klikkað. Þeir eru lang vinsælasta gjöfin hjá okkur.“

hesja.is

KRÓNAN

Hóhóhó! Við höfum opnað

nýja og glæsilega Krónuverslun
á Akureyri!

Náðu í
Snjallverslun
Krónunnar
til að Skanna
og skunda!



Tvöfalt stærri verslun Casa

Verslunin Casa á Glerártorgi tók sannarlega stakkaskiptum nú í október þegar verslunarrýmið var meira en tvöfaldað. Hilda Eichmann, verslunarstjóri, segir bæði starfsfólk og viðskiptavinir Casa hæstánægðir með stærri verslun og enn meira vöruúrval.

Dagarnir í jólaversluninni líða hratt

„Nú er skemmtilegasti tíminn byrjaður og jólainnkaupin fóru af stað um leið og við opnuðum aftur eftir breytingar. Ég er mikið jólabarn og elska þennan tíma í vinnunni. Dagarnir líða hratt en það heillist alltaf yfir mann einhver hátíðartilfinning sem má ekki gleyma að njóta. Margir koma til okkar með gjafainnkaupalista og svo pökkum við fallega inn fyrir þá sem vilja, sem eru reyndar langflestir. Ég hlakka mikið til að vera með í þessu öllu saman með stærri og fjölbreyttari verslun,“ segir Hilda.

Mörg ný merki

Hilda segir að í kjölfar stækkunar Casa hafi vöruúrvalið breyst talsvert. „Við erum búin að stækka heilmikið Kartell línuna sem er glæsileg hönnunarlína frá Ítalíu. Einnig tókum við inn Klippan ullarteppin frá Svíþjóð, OXO eldhúsháldalínu, Frandsen ljósalínuna, Tica gólfmottur, rúmteppi frá Mette Ditmer, Maze hillurnar, einnig vörur frá Sveinbjörgu/Vorhús og ýmislegt fleira fallegt. Til að toppa þetta þá fengum við nýlega hágæða leðurtöskur frá ítalska merkinu Gianni Chiarini í nokkrum útgáfum. Það eru virkilega fallegar töskur fyrir dömurnar,



■ Þær Magdalena Ksepko og Hilda Eichmann, verslunarstjóri, taka sælar og glaðar á móti viðskiptavinum í stærri verslun.



■ Specktrum línun nýtur stöðugra vinsælda.

ar,“ segir Hilda og alltaf bætist eitt-hvað við í vörunum sem hafa skapað sér ríkan sess hjá viðskiptavinum Casa á Glerártorgi.

Jólavörurnar vinsælar

„Við erum dugleg að fá eitthvað nýtt og fallegt í Specktrum línunni sem er gríðarlega vinsæl og vorum einmitt

að fá 5 týpur af nýjum blómavösum ásamt virkilega fallegum kertaluktum og alla speglalínuna. Einstaklega falleg lína frá Danmörku. Síðast en ekki síst er að nefna vinsælu jólavöruna okkar frá Heklu, jólaóróa frá Karen Blixen og Holmegaard ásamt fleiru sem gott er að setja í pakkann. Ég held að það sé óhætt að segja að við séum stærsta gjafavöruverslunin á Akureyri og líklega á Norðurlandi ef út í það er farið. Úrvalið er rosalega breitt og mikið,“ segir Hilda og minnir í lokin á vefverslunina casa.is og gjafakortin sem margir nýta sér og eru vinsæl í starfsmannagjafir fyrir-tækja. Gjafakortin gilda líka í verslunum Casa og DÚKA í Reykjavík.

casa.is



■ Jólavörurnar eru á sínum stað.



■ Verslunarrými Casa rúmlega tvöfaldaðist í október og við það jókst vöruúrvalið enn frekar.

Jóla gjafir



Yamaha hljómborð
í úrvali



Fender, Kala
og Makala Ukulele



Heimastúdíópakkar frá
Audient og M-Audio



Naim hljómtæki



Trommusett frá
Yamaha, Pearl og Tama



Rafgítar og bassapakkar



Kassagítarar í úrvali
frá Taylor, Yamaha, Fender
og Camps



Dj-vörur frá Numark



Yamaha rafpíanó

Tónlist er fyrir alla



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Síðumúla 20 | 100 Reykjavík | Sími 4155400
www.hljodfaerahusid.is

Stofnað
1916



TÓNABÚÐIN

Glerárgöta 30 | 600 Akureyri | Sími 662 1415
www.tonabudin.is

Stofnað
1966

Elan sópar að sér verðlaunum

Óhætt er að segja að í versluninni Útivist & veiði sé allt klárt fyrir skíðavertíðina og útisportið. Svo það helsta sé nefnt í skíðabúnaðinum er Útivist & veiði með Elan merkið í skíðum, Alpina í skóm, Rex í skíðastöfum og áburði, Peltonen og Alpina í gönguskiðum, Rottefella í gönguskiðabindingum, Dalbello og Alpina í skíðaskóm og Scarpa í fjallaskíðum og fjallaskíðaskóm. Allt eru þetta heimspekkir framleiðendur.

Með allt það besta frá Elan

Mikið úrval er af því nýjasta frá Elan sem hefur sópað að sér verðlaunum nú á haustmánuðum fyrir nýjustu línurnar í framleiðslu sinni. Vöruþróun Elan hefur enda verið mikil á undanförunum árum og meðal þess sem fyrirtækið hefur fengið lof fyrir eru skíði sem eru samanbrjótanleg en í heild má segja að Elan skipi sér í fremstu röð í skíðum fyrir alla aldurshópa og

hvort heldur er keppnisfólk eða hinn venjulega afþreyingarskiðamann – ef svo má segja. Allt það besta í nýjustu framleiðslunni frá Elan er komið inn á golf í rúmgóðri skíðadeild Útivistar & veiði sem opin er árið um kring.

Jólagjöfin auðfundin í Horninu

En það er vitanlega margt annað sem útivistin kallar á og er á boðstólum í Útivist & veiði. Vandaður skíðafatnaður og í reynd fatnaður í alla útivist að vetri sem sumri, snjóþotur, snjóþrúgur, gönguljós, gönguskór, skíðahjálmar, skíðagleraugu og fjölmargt fleira.

Þó stangveiðimenn hafi flestir lagt sínar stangir og búnað til hliðar um sinn þá þarf að huga að næsta veiðitímabili en mikið úrval er af öllum búnaði til stangveiða í Horninu.

Hvort heldur áhugamálið snýst um útisport að vetri eða sumri er kristaltært að jólagjöfina fyrir útivistarfólkið er auðvelt að finna í Útivist & veiði.



■ Glæsileg skíðagleraugu eru tilvalin í jólapakkann.

skidasport.is
utivistogveiði.is
elan.is
peltonen.is
alpina.is



■ Full búð af flottum Elan skíðum hjá Útivist & veiði.



■ Gönguskiðaiðkun hefur verið í verulegri sókn síðustu ár og á því sviði er Útivist & veiði með allt til alls. Skíðin, stafina og allt það sem sem tilheyrir.

Hafðu það meira næs!

KEF-CPH

Akstur til KEF

Veitingar innanlands

Bensín innanlands

Bílastæði KEF

Gisting í KEF

Vinnutap/orlof

AEY-CPH



niceair.is



NICEAIR
North Iceland

Verkfærasalan með jólagjöf fagmannsins

Við hjá Verkfærasölnunni leggjum mikið upp úr góðri þjónustu við okkar viðskiptavini og leggjum okkur fram við að veita þeim góða ráðgjöf varðandi verkfæri og aðrar vörur sem henta fyrir hin ýmsu verkefni. Nú í aðdraganda jóla geta allir verið vissir um að hér er gott að kaupa jólagjöf fagmannsins og að við tökum vel á móti öllum á Tryggvabraut 24.“ Þetta segja þeir Tómas Karl Benediktsson og Brynjar Schiöth, sölumenn hjá Verkfærasölnunni á Akureyri.

Milwaukee vinna verkin

Verkfærasalan býður hin heimsþekktu Milwaukee verkfæri en þau hafa reynst mjög vel á Íslandi. Milwaukee vinna náð með iðnaðarmönnum og eru sífellt að þróa í samvinnu við fagfólkið nýjar og betri lausnir, sem eru sérhannaðar fyrir hvert fag.

„Milwaukee hafa einnig verið leiðandi í hönnun á stórum rafmagnsverkfærum sem leysa bensínverkfæri af hólmi með MX FUEL línunni. MX FUEL verkfærin gera verktökum sem vilja passa uppá kolefnisspor sitt kleift að vinna verkefnið á umhverfisvænan og öruggan hátt í verkefnum bæði innan og utandyra,“ segir Tómas Karl. Hann segir að slökkvilið um land allt, útgerðir og vélstjórar, smiðir, rafvirkjar, bifvélaþvirkjar, píparar og aðrir sem þurfa á áreiðanlegum öflugum tækjum að halda séu á meðal viðskiptavinir Verkfærasölnunnar og bætir við að adventudagatölin frá Milwaukee hafi verið mjög vinsæl hjá og margir sem kaupi þau í aðdraganda jóla til að gleðja sína nánustu.

Ryobi og Helly Hansen

Verkfærasalan státar af fjölmörgum öðrum merkjum og það sem hefur verið hvað mest vaxandi í sölu er Ryobi sem einkum höfða til fólks í framkvæmdum og þeirra sem vilja gera hlutina sjálfir.



■ Tómas Karl Benediktsson, sölumaður hjá Verkfærasölnunni á Akureyri.



■ Ryobi verkfærin hafa reynst vel og þau eru mjög vinsæl meðal fólks í framkvæmdum og hjá þeim sem vilja gera hlutina sjálfir.

„Við erum með mjög breiða línu í okkar vörum og hér er hægt að finna rafmagnsverkfæri, handverkfæri, festingavörur, efnavörur, garðverkfæri, lyftibúnað og tjakka, rafmagnsvörur og ljós, skurðar- og slípivörur, stiga og palla, stærri vélar og tæki, vinnufatnað og öryggisbúnað o.fl. Við erum auk Milwaukee og Ryobi með mörg önnur gæðamerki, t.d. Hultafors, Wera, Gedore, Yato, Telwin og



■ Milwaukee er í mikilli sókn hjá Verkfærasölnunni.

Knipex. Síðast en ekki síst bjóðum við nú hágæða vinnufatnað frá Helly Hansen Workwear en saga þess fyrir tækis nær yfir 140 ár. Sú vörulína er kærkomin viðbót í vöruúrvali okkar og frábært að geta boðið viðskiptavinum okkar gott úrval af hágæða vinnufötum,“ segir Brynjar.

vfs.is

Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Gleðilega hátíð

N1 óskar landsmönnum öllum gleðilegrar jólahátíðar með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða. Megi nýtt ár færa ykkur gleði og gæfu.

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

Laufabrauðið í sókn

Laufabrauðið er auðvitað í stóru hlutverki hjá okkur á þessum árstíma, bæði framleiðsla á steiktu og óskornu laufabrauði fyrir verslanir og okkar eigin brauðbúðir en svo er mikið að gera í framleiðslu á óskornu laufabrauði fyrir fjölskyldusamkomurnar í heimahúsum. Við fundum greinilega núna fyrir jólin að fólk var að taka upp þráðinn á nýjan leik eftir Covid, fjölskyldurnar að koma saman og skera laufabrauð. Sú stemning er komin aftur og laufabrauðið í sókn á nýjan leik,“ segir Ingólfur Gíslason, rekstrarstjóri Kristjánsbakarís á Akureyri.

Brauðbúðirnar í jólabúning

Hægt er að panta hjá Kristjánsbakarí ósteikt laufabrauð og val er um að hafa brauðið með kúmeni eða án.

Ingólfur segir pantanir afgreiddar alla daga fyrir laufabrauðsskurðinn í heimahúsum.

„Auk laufabrauðsins framleiðum við svo ýmsar tegundir af brauði og kökum sem við seljum í okkar eigin brauðbúðum, annars vegar í bakaríinu við Hrísalund og hins vegar í brauðbúðinni við Hafnarstræti. Brauðbúðirnar fá því sinn jólabúning með smákökunum okkar, kryddbitunum, jólabollunum, lagkökum og öðrum brauðtegundum sem tilheyra jólahátíðinni,“ segir Ingólfur.

Sprenging í veisluframleiðslunni í vor

Alltaf er eitthvað um að fólk panti tertur og stærri kökur fyrir jólin og yfir jólahátíðina en Ingólfur bendir auk þess á úrval af fallegum og góm-

sætum kökum sem alltaf eru fáanlegar í brauðbúðum Kristjánsbakarís.

„Hjá okkur er jafnan mest að gera í pöntunum á tertum og kökum tengt útskriftum í skólunum og þá fyrst og fremst á vorin. Núna í vor varð reyndar algjör sprenging í þessari þjónustu hjá okkur þegar takmörkunum eftir Covid létti og fólk efndi til alls kyns samkvæma og fjölskylduhátíða sem höfðu beðið vegna faraldursins. Þessi þjónusta okkar er alltaf til staðar og við getum leyst jólaveisluna hratt og örugglega fyrir viðskiptavinum sem áður þurfa að halda,“ segir Ingólfur.

kristjansbakari.is



■ Ingólfur Gíslason, rekstrarstjóri Kristjánsbakarí. Laufabrauðið frá Kristjánsbakarí þekkja allir, enda hefur það verið framleitt í áratugi.



Kokteílglas
3.490,- stk.



Kanna
14.990,-



Evelyn vasi
19.990,-



Sadie Line vasi
9.990,-



Marmarabakki
9.990,-



Thunder tertudiskur
16.990,-



Specktra skál
7.990,-



Casa



■ Tvöfaldar lambhúshettur og þykk ullarföt frá Janus hlýja börnunum í útileikjunum.

Janusföt sérframleidd í fyrsta sinn fyrir íslenskan markað

Hlýr og góður fatnaður frá Janus er orðinn fastur liður á mörgum heimilum á jólunum, ekkert síður en góð bók. Ullarkistan, sem hefur selt þetta vinsæla norska merki í nærfatnaði um árabil, býður nú vörur frá Janus sem sérframleiddar eru fyrir íslenskan markað. Fyrst og fremst er þar um að ræða vörur fyrir börn og unglinga.

Fyrir íslenska veðráttu

„Þetta eru í sumum tilfellum vörur sem hafa áður verið í vöruframboði Janus og notið mikilla vinsælda hér á landi og eru sérframleiddar á nýjan leik fyrir okkur. Við höfum alltaf getað komið með ábendingar og óskir til Janus verksmiðjunnar en þetta er í fyrsta sinn sem hún framleiðir vörur sérstaklega fyrir íslenska markaðinn. Við byggðum línuna á vinsælli vöru-línu sem Janus bauð fyrst upp á árið 1930. Það má því segja að hún sé algjör klassík,“ segir Olga Ingrid Heiðarsdóttir, meðeigandi Ullarkistunnar.

Sem dæmi um þessa vöruflokka eru tvöfaldar lambhúshettur fyrir börn og þykkari nærfatnaður í stærðum frá tveggja ára upp í sextán ára aldur. „Svo eru það Krinkel-heilgallar fyrir unga-börn sem nutu fádæma vinsælda hér á landi. Krinkel-ullin er sérlega ending-



argóð og einungis Janus verksmiðjan sem hefur tækni til að framleiða hana. Þessir gallar eru algjör snilld fyrir litlu krílin þegar þau fara út að sofa í vagninum. Úr Krinkel-ull fáum við líka jogging buxur fyrir börn. Þær eru frábærar fyrir leikskólakrakkana. Allar þessar vörur má segja að falli frábærlega að íslenskrei veðráttu og þess vegna hafa þær verið svona vinsælar hér á landi,“ segir Olga.

Mjúki pakkinn sem færir hlýju

Verslun Ullarkistunnar er á sínum stað í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri og þar fæst allt sem hugurinn girnist í nærfatnaði. Þetta



er einmitt fatnaður sem margir óska sér í jólagjöf.

„Það kemur oft fyrir að viðskiptavinir koma með lista og gefa öllum í fjölskyldunni eitthvað af Janus vörum. Janus er svo sannarlega gjöf sem færir fólki hlýju að innan sem utan,“ segir Olga og býður viðskiptavinum velkomna í Ullarkistuna nú í önnum jóla-verslunarinnar.

„Janus fatnaðurinn er stöðugt í þróun, sniðin breytast og litunum fjölga en notagildið er alltaf það sama. Hlýr og notalegur fatnaður fyrir fólk á öllum aldri,“ segir hún.

ullarkistan.is



Bætt hreinlæti í nýjum heimi

Þarftu að aðlaga þig að breyttum heimi?

Auknar kröfur til fyrirtækja um bætt hreinlæti, betri sóttvarnir og umhverfisvænar lausnir kalla á nýja nálgun.

Lausnir sem stuðla að betri heilsu starfsfólks og viðskiptavina.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf.



hreint.is s: 589 5000 hreint@hreint.is





■ Halldór Halldórsson, úrsmiður, sem hér er með einni af starfstúlkum sínum, Marit Alavere, hefur fulla trú á að verslanir haldi velli við hlið netverslana. Þau og annað starfsfólk eru tilbúin í jólatörnina í versluninni sem stendur að vanda fram á aðfangadagsmorgun.

Íslenskir skartgripir eftirsóttir

Verslun hefur breyst mikið frá því Glerártorg opnaði fyrir 22 árum, verslunarmiðstöðin sjálf hefur stækkað og við höfum stækkað okkar verslun þrisvar á þessum tíma,“ segir Halldór Halldórsson, úrsmiður og eigandi versunarinnar Halldór Ólafsson úr og skartgripir en hún er ein fárra sem verið hafa á Glerártorgi frá upphafi.

Úr, skartgripir og göt í eyru

„Stærsta breytingin í okkar rekstri varð þegar við keyptum gullsmíða-fyrirtækið Skart árið 2002 en þá jókst umfang okkar rekstrar um meira en helming. Síðan þá höfum við sérhæft okkur í sölu og þjónustu á úrum og skartgripum og nýjasta viðbótin er að gera gört í eyru,“ segir Halldór.

Áhrifa faraldursins segir Halldór enn gæta hvað varðar flutningskostnað og komi þá mest niður á rúmfrekari vörum á borð við klukkur. „Þó verslun

kunni eitthvað að breytast í kjölfar faraldursins og notkun netverslana aukast þá er það mín skoðun að fólk hafi svo gaman af því að koma í búðir og eiga bein samskipti við starfsfólk verslana að þær haldi alltaf velli. Það er stemning í verslun og sér í lagi á þessum árstíma.“

Hefðbundin úr í sókn

Tenging úra og skartgripa er mikil enda líta margir á úrin sem fallegan skartgrip, mikilvægan þátt sinnar ímyndar og útlits og eiga þar af leiðandi mörg og mismunandi úr. Halldór segist skynja hjá viðskiptavinum að snjallúrin ryðji ekki hinum hefðbundnu úrum til hliðar. „Fólki finnst t.d. neikvætt að þurfa stöðugt að vera að hlaða snjallúrin og margir nefna líka áreitið af tölvupósti og öðru sem úrunum fylgir. Við sjáum að hefðbundin úr eru í sókn.“

Íslensk skartgripir í fremstu röð

Í verslun Halldórs Ólafssonar er mikið úrval skartgripa og segist Halldór leggja sig fram um að bjóða úrval íslenskrar skartgripahönnunar. Enda sækist viðskiptavinir eftir íslenskum skartgripum.

„Íslensk skartgripahönnun stendur mjög framarlega og af mörgum framleiðendum sem við seljum framleiðslu frá get ég nefnt vörur frá Sif Jakobs sem á sínar rætur að rekja til Akureyrar. Nýir hönnuðir eru líka sífelldir að koma fram á sjónarsviðið. Skartgripur er sígild jólagjöf og úr miklu að velja hjá okkur,“ segir Halldór.

halldorursmidur.is

Skíðavörur og allt í útivistina

Búnaður, fatnaður
og fylgihlutir

Mikið úrval



VELKOMIN Í STÆRRI OG ENN GLÆSILEGRI VERSLUN

Verslum
í heimabyggð

PELTONEN

alpina

DALBELLO

Rev
The King of Ski Wear

elan
Always Good Times

SCARPA

ÚTIVIST & VEIÐI

Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 10-16
Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri - Sími 461 1516
utivistogveidi@simnet.is - utivistogveidi.is

SEALY Ice Cool



CONTOUR koddí
60 x 30 x 10 cm. **10.900 kr.**
Nú 8.720 kr.

ICE COOL koddí
70 x 50 x 12 cm. **10.900 kr.**
Nú 8.720 kr.



BUTTERFLY koddí
52 x 42 x 10 cm. **11.900 kr.**
Nú 9.520 kr.



CURVED koddí
55 x 40 x 12,5 cm. **11.900 kr.**
Nú 9.520 kr.



MISTRAL HOME sængurföt

140x200 cm. Ýmsir litir.

Verð: 10.990 kr.

Nú 8.792 kr.



DORMA LUXE heilsárssæng

Dorma heilsárssængin er 90% dúnn
og 10% smáfiður. Hlý og góð með
100% bómullaráklæði.

25.900 kr. NÚ 20.720 kr.

DORMA

Láttu drauminn ræstast



*Þú færð
jólaskrautið
og jólagjöfina
í Höllinni*

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Akureyri
Dalsbraut 1
558 1100

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar
með fyrirvara um prentvillur.

www.husgagnahollin.is
www.betrabak.is
www.dorma.is

kosy

WALK HAPPY



STORMUR

HEILSUINNISKÓR

ÝMSIR LITIR OG
STÆRDIR

10.900 kr.



MISTUR

HEILSUINNISKÓR

SAND EDA STONE
STÆRDIR: 36-42

15.900 kr.



PRESSURE
POINTS

BYLTINGAKENNT
9 SVÆÐA
NUDDINNLEGG
ÚR LEDRI




LACOSTE

LACOSTE RENE BADSLOPPAR

23.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 29.900 kr.



BOSS
HUGO BOSS

BOSS LORD KIMONO BADSLOPPAR

23.120 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 28.900 kr.

20%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!



KENZO PARIS

KENZO BADSLOPPAR

23.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 29.900 kr.



DORMA
Láttu drauminn rætast



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Jólaskreytingar og jólaandi í JMJ

Við höfum bara ofboðslega gaman af því að skreyta búðina úti sem inni og skapa jóla- gleði og jólaanda hjá viðskiptavinum og bæjarbúum. Þetta er árstími gleðinnar og góða skapsins. Þess vegna leggjum við mikið upp úr skreytingunum og erum harð- ákveðnir í að húsið okkar er meðal best skreyttu verslunarhúsa í Evrópu – jafnvel þó Harrots sé talið með,“ segir Jón M. Ragnarsson verslunarmaður í JMJ og Joe's, brosmildur að vanda þegar litið er inn nú í aðdraganda jóla.

Úthugsaðar gluggaútsýningar

Jón er sjálfur höfundur gluggaútsýlinga verslananna tveggja og nýtur dyggrar aðstoðar eiginkonu sinnar Þórunnar Jónsdóttur. Hann segist alltaf fá mikil viðbrögð frá almenn- ingi þegar JMJ húsið klæðist í jóla- búninginn. Þá koma svo sannarlega jólin í hugum hans og viðskiptavina.

„Ég byrja að undirbúa jólaútsýling- arnar í gluggunum snemma á haustin, nýjar hugmyndir á hverju ári en sumt á sinn fasta sess í skreytingunum, eins og t.d. jólasnjórinn. Reyndar er það þannig að þegar ég er að ljúka við gluggana á hverju ári þá byrja ég að móta í kollinum hugmyndina að út- stillingum næsta árs,“ segir hann og er ekki í nokkrum vafa um að fallegar jólaútsýningar hafa áhrif.

„Ekki nokkur spurning. Fallegar út- stýllingar, jólatrén og jólaljósir vekja gleði hjá bæði okkur og viðskiptavin- um. Lífsgleði og góð stemning selja,“ segir hann.



■ JMJ húsið er fyrir löngu komið í hátíðarbúninginn.



■ Fallegar útsýllingar í gluggunum eru mikið metnaðarmál hjá Jóni og starfs- fólki hans í JMJ og Joe's.

Jólahátíð JMJ og Joe's

Jón og samstarfsmenn hans láta ekki þar við sitja í að skapa jólastemningu í miðbænum því við verslunina verður heljarinnar jólahátíð laugardaginn 10. desember milli kl. 13 og 15. Jóla- kökur og kakó, jólasveinar á staðnum og gestum og gangandi boðið upp á myndatökur með jólasveininum. Myndirnar fær svo fólk sendar á sitt netfang, því að kostnaðarlausu.

„Í JMJ og Joe's allt orðið klárt í jóla- verslunina og fullar búðir af frábær- um vörum fyrir karla á öllum aldri. Um að gera að koma að skoða úrvalið, velja fötin fyrir jólin og eitthvað gott í mjúka pakkann. Nú gleðjumst við og njótum daganna til jóla með bros á vör,“ segir Jón og vekur einnig athygli á nýrri vefverslun JMJ og Joe's á vef- fanginu jmkureyri.is.

jmkureyri.is



■ Jólagleðin við völd í afgreiðslunni hjá þeim Jóni M. Ragnarssyni og Kjartani Jósavínni.



AKUREYRI

Það er

eitthvað

við hana

halloakureyri.is



■ Litadýrðin í fatnaðinum í Sportveri hefur sjaldan verið jafn mikil. Þær Helena Rut Kristmundsdóttir (fv), Sigurlaug Stefánsdóttir og Rake Kolbeinsdóttir hlakka til að taka á móti viðskiptavinum nú í aðdraganda jóla.

Jólagírinn og glaðlegir litir

Verslunin er full af litríkum og fallegum gæða fatnaði sem gleður augað og er tilvalinn í jólapakkann. Það má segja að við séum komin í jólagírinn,“ segir Linda Tul í versluninni Sportveri á Glerártorgi.

Litir eru allsráðandi og segir hún að sjaldan eða aldrei verið jafn mikið úrval. „Við höfum verið hérna lengi þannig að við höfum séð alls konar litalínur og tískubylgjur í gegnum árin og eru þær einstaklega glaðlegar núna. Við verslum eingöngu með vörur frá þekktum og viðurkenndum framleiðendum og erum með merki sem við höfum verslað inn í áratugi. Slíkt samstarf skiptir máli með aukinni samkeppni á markaði.“

Linda segir að eitt af uppáhalds merkjum Sportversfólks sé Helly Hansen. „Við kynntumst þessu frábæra merki árið 2008 og höfum því 14 ára frábæra og jákvæða reynslu af merkinu. Það er framleiðandi sem leggur ríka áherslu á að varan standist væntingar og kröfur neytandans,“ segir hún.

Fatnaður sem hægt er að treysta

Helly Hansen hóf starfsemi fyrir margt löngu, árið 1877 sem sjóklæðafyrirtæki, en nú er framleiddur hjá fyrirtækinu fatnaður sem Linda segir að hægt sé að treysta, hvort heldur fólk sé til sjávar eða sveita. Sem dæmi nefnir hún að björgunarsveitarfólk og starfsfólk skíðasvæða víða

um Evrópu reiði sig á þennan fatnað við störf sín við mjög krefjandi aðstæður. Þar á meðal sé starfsfólk Hlíðarfjalls við Akureyri. „Ef þetta fólk getur treyst vörunum frá Helly Hansen þá getum við, hinn almenni notandi, gert það líka,“ segir hún.

„Við erum svo lánsöm hér í Sportveri að eiga okkar traustu viðskiptavini sem hafa verslað við okkur í þau 27 ár sem við höfum rekið verslunina. Það getum við þakkað okkar frábæra starfsfólki sem leggur sig fram um að veita faglega og góða þjónustu og hlakkar til að aðstoða við jólainnkaupin,“ segir Linda.

sportver.is

VAGABOND
SHOENMAKERS

VIRTUS



SIXMIX
FOOTWEAR

HOKA ONE ONE



speedo

ZXU

BULL
BOXER

KARITRAA

JoDis

WHISTLED

ENDURANCE

ATHLECIA

UNDER ARMOUR

reima

Tamaris

CINTAMANI



hummel

T + TISSOT



TISSOT GENTLEMAN
CERTIFIED SWISS MADE MOVEMENT

THE GIFT OF TIME

Framsækið fyrirtæki sem fylgist með nýjungum

Það hefur verið mikill vöxtur hjá okkur hér á Akureyri undanfarin tvö til þrjú ár,” segir Ari Þórðarson framkvæmdastjóri Hreint. Þetta er fimmtánda starfsár fyrirtækisins fyrir norðan en það fagnar 40 ára afmæli á næsta ári. Starfsmenn eru nú um 30 talsins, umfang fyrirtækisins á markaði er því umtalsvert og skiptir bæjarfélagið máli.

Ari segir Hreint einbeita sér að þrífum fyrir fyrirtæki og stofnanir og hafi fyrirtækinu orðið vel ágengt á þeim markaði en hann hafi farið stækkandi í höfuðstað Norðurlands. „Fyrirtækið hefur í gegnum um árin áunnið sér traust viðskiptavina, það á sér langa sögu og reksturinn hefur verið farsæll og stöðugur.“ segir hann og bætir við að Hreint hafi síðastliðin átta ár feng-

ið viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki.

Ari segir æ fleiri útvista þrífaverkefnum og segir Ari að Hreint sé góður valkostur þeirra sem eru á þeim buxunum að ráða fólk eða að skipta um og taka upp nýtt fyrirkomulag á þessum verkefnum. „Það hefur verið kippur hjá okkur undanfarin ár og við erum mjög þakklát fyrir hversu vel okkur hefur verið tekið hér á Akureyri,” segir hann og nefnir góðar tengingar á Akureyri, sem sé gamli heimabær eigin-konunnar og þar búi hennar fjölskylda.

Auknar kröfur

Auknar kröfur segir Ari að nú séu gerðar um aukið hreinlæti, meiri sóttvarnir og að fyrirtækin bjóði upp á umhverfissvænar lausnir. Allt kalli

þetta á nýja nálgun, nýjar lausnir sem hafi bætt heilsu starfsfólks og viðskiptavina að leiðarljósi.

Ari segir Hreint vera framsækið fyrirtæki og vel sé fylgst með þróun og nýjungum. Meðal nýjunga sem eru að ryðja sér til rúms er Þjarkur – sjálfvirk gólfraestingavél sem þrífur gólf með hörðu yfirborði. Hann henti vel í almennum og opnum rýmum. „Þjarkurinn auðveldar okkar starfsfólki störfin, þau verða léttari og þá er til einhvers unnið,” segir hann. „Svona vél kemur aldrei í staðinn fyrir starfsfólk en vinnur vel með því. Við höfum verið að gera tilraunir og þær lofa góðu varðandi framhaldið.“

hreint.is



■ Ari Þórðarson framkvæmdastjóri Hreint.

Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit

Fjölbreytt jólagjöf



Kynnið ykkur Gjafabréf í Eyjafjarðarsveit neðst á www.esveit.is

463-0600 / esveit@esveit.is

Frægasti söngleikur heims í Samkomuhúsinu!

Við erum upp fyrir haus þessa dagna að æfa þennan heimsfræga söngleik og allt gengur samkvæmt áætlun enda valinn maður í hverju hlutverki. Að sýningunni okkar kemur fjöldi frábærra leikara, dansara og tónlistarmanna sem lofar stórri og tilkomumikilli sýningu í gamla góða Samkomuhúsinu,“ segir Marta Nordal, leikstjóri söngleiksins Chicago hjá Leikfélagi Akureyrar. Frumsýning verður 27. janúar nk. og er miðasala þegar hafin.

Meinfyndin og skemmtileg ádeila

Söngleikurinn Chicago eftir John Kander, Fred Ebb og Bob Fosse hefur unnið til fjölda verðlauna. Leikurinn var frumsýndur á Broadway árið 1975 og sló strax í gegn en uppsetningin frá árinu 1996 gengur enn fyrir fullu húsi og er ein sú langlífasta á Broadway frá upphafi. Samnefnd kvikmynd frá árinu 2002 með Catherina Zeta Jones, Rene Zellweger og Richard Gere í aðalhlutverkum sló einnig í gegn og vann til fjölda Óskarsverðlauna, m.a sem besta kvikmyndin.

„Chicago er meinfyndin og skemmtileg ádeila á spillingu og yfirborðsmennsku fjölmiðla og réttarkerfisins. Sýningin iðar af fjöri, hispursleysi og húmor ásamt ógleymanlegri tónlist og dansatriðum sem kitla öll skynfæri. Danshöfundurinn Lee Proud er öllum hnútum kunnugur og er það langþráður draumur hans að vinna að Chicago en hann hefur leikstýrt og samið dans fyrir fjölda annarra söngleikja víða um heim. Sýningin er samstarf Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og ég get lofað frábærri skemmtun hér í Samkomuhúsinu. Salurinn er yndislegur og ég veit að á sýningunni mun skapast skemmtileg nánd á milli leikara og gesta,“ segir Marta..

Fjöldi dansara og leikara

Tónlistin skipar stóran sess í Chicago og mun 10 manna band valinkunnra



■ Marta Nordal leikstjóri: „Ég get lofað frábærri skemmtun hér í Samkomuhúsinu því salurinn er yndislegur og á sýningunni mun skapast skemmtileg nánd á milli leikara og gesta.“



■ Uppsetning Chicago í Samkomuhúsinu á Akureyri er samstarfsverkefni Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.



tónlistarmanna annast þann flutning. Fjöldi þekkta leikara og söngvara er í sýningunni en söngkonan Jóhanna Guðrún leikur Velmu og með hlutverk Roxy fer Reykjavíkurdóttirin Þórdís Björk Þorfinnsdóttir. Þá er hlutverk Mama Morton í höndum Margrétar Eir, Björgvin Franz Gíslason er Billy Flynn, Arnþór Þórsteins-

son er Amos og Bjartmar Þórðarson leikur blaðamanninn Mörtu Smörtu. Með önnur hlutverk fara Ahd Tamimi, Jónína Björt Gunnarsdóttir, Elma Rún Kristinsdóttir, Kata Vignisdóttir, Anita Þorsteinsdóttir og Molly Carol Birna Michell. Tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, búningahönnuður Björg Marta Gunnarsdóttir og leikmyndahönnuður er Eva Signý Berger.

Gjafabréf á söngleikinn Chicago eru frábær jólagjöf en gjafabréfin fást í miðasölu Hofs.

mak.is

Í skóginum stóð kofi einn



Norðlenskt kofareykt hangikjöt

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnafæði er taðreykt upp á gamla mátann, eins og gert hefur verið í sveitum landsins í gegnum aldirnar. Það hefur unnið til fjölda verðlauna og er eitt vinsælasta hangikjöt landsins.



Vonast eftir snjónum sem fyrst

Snjóalögin sem voru komin hér á svæðinu um mitt haust voru með allra besta móti og þetta leit því mjög vel út fyrir veturinn en lofthitinn núna í nóvember hefur alveg snúið þessu við. Okkur vantar stöðugt frost til að geta byrjað að framleiða snjó í grunn á svæðinu en í reynd þurfum við ekki nema fáeina daga af duglegri snjókomu til að allt breytist til hins betra. Sem að við vonum að gerist sem fyrst,“ segir Brynjar Helgi Ásgeirsson, forstöðumaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.

Óvenju hlýtt í fjallinu

Brynjar segir að það sé ekki óvanalegt að veður séu rysjött í nóvember og desember og því ekki á vísan að róa með snjóalög. „Þessi kafla að undanfögnu hefur samt verið óvenjulegur vegna þess hversu hlýtt hefur verið og varla verið teljandi næturfrost, þrátt fyrir þá hæð sem við erum í. Maður fer að ókyrrast ef við förum

ekki að sjá breytingu á þessu þegar kemur inn í desembermánuð. En hér er allt tilbúið fyrir snjókomuna og að gera svæðið klárt fyrir skíðaiðkendum þegar snjórinn kemur,“ segir Brynjar.

Nýjar snjógirðingar settar upp

Í sumar voru margvíslegar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Auk reglubundis viðhalds á lyftum og búnaði voru snjógirðingar endurnýjaðar og bætt við nýjum girðingum. Brynjar segir að snjógirðingar séu lykilatriði á íslenskum skíðasvæðum til að hemja snjóinn þegar er mikill vindur samfara úrkomunni. „Þessu til viðbótar var unnið á gönguskiðasvæðinu og komið upp nýrri aðgangsstýringu þar til að þjóna stöðugt vaxandi hópi gönguskiðafólks. Mér er til efs að nokkur íþrótt á Íslandi sé í meiri sókn en gönguskiðaiðkunin,“ segir Brynjar. Loks má geta þess að tveir nýir troðarar verða teknir í notkun nú í árslok.

Lýðheilsukortið góð viðbót


Forsala árskorta í Hlíðarfjall er hafin og stendur þar til skíðavæðið verður opnað. Sömuleiðis er sala nýrra lýðheilsukorta Akureyrarbæjar hafin en þau standa barnafjölskyldum, eldri borgurum og öryrkjum með lögheimili á Akureyri til boða. Lýðheilsukort gildir til árs í senn og veitir aðgang að Sundlaug Akureyrar, skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli og Skautahöllinni á Akureyri.

„Við fögnum tilkomu lýðheilsukortsins og enn stærri hópi fólks sem vill koma til okkar og njóta þess að hafa þetta frábæra skíðasvæði í nokkurra mínútna fjarlægð frá bænum. Í því felast lífsgæði,“ segir Brynjar.

hlidarfjall.is



■ Annríki á góðum degi í Hlíðarfjalli. Þó snjórinn hafi látið biða eftir sér á skíðasvæðinu síðustu vikur þá þarf ekki nema nokkra góða úrkomudaga til að hægt verði að fara að huga að opnun.



Öruggari leið


í gegnum Vaðlaheiðargöng



VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG



veggjald@veggjald.is



Áskoranir í rekstri hitaveitu Norðurorku

Norðurorka rekur grunninnviði samfélagsins sem fólk og fyrirtæki reiða sig á alla daga, allt árið um kring. Það er ekki síst í kringum jólahátíðina sem gott er að minna sig á hve heppin við erum með öll þau lífsins gæði sem við búum við hér á svæðinu. Hreint og gott neysluvatn er dæmi um dýrmæta auðlind sem við eigum rétt við bæjardyrnar og gott fráveitukerfi, þar sem rusl er síað úr fráveituvatninu í nýlegri hreinsistöð við Sandgerðisbót, er mikilvægur hlekkur í umhverfismálum fyrir samfélagið allt við Eyjafjörð.

Langt skammdegið á Íslandi hefur lítil áhrif á okkar daglegu athafnir þar sem við getum lýst upp húsin okkar með rafmagni og kynnt þau með heitu vatni sem sótt hefur verið ofaní jörðu. Orkan okkar er ódýr og hrein, en nánast öll raforka á Íslandi er framleidd með endurnýjanlegum hætti.

100 ár frá því raforkuframleiðsla hófst á Akureyri

Árið 1922 hófst rafmagnsframleiðsla í Glerá á Akureyri og rafmagni var hleypt á dreifikerfi bæjarins þá um haustið. Þessara merku tímamóta var minnst með ýmsum hætti hjá Norðurorku á árinu, m.a. með afmælisdagskrá í Hofi þar sem fluttir voru fyrirlestrar um málefni tengd raforkumálum, rafbílavæðingu, hleðslustöðvum, álagsstýringu og snjallmælum auk þess sem hundrað ára saga rafveitu á Akureyri var rifjuð upp með gömlum munum og ljósmyndum. Dreifikerfi bæjarins hefur stækkað í takt við stækkun bæjarins. Í upphafi byggðist dreifikerfið upp á loftlínunum og loftspennunum en í dag er stærsti hluti dreifikerfisins hulinn augum almennings, ofan í jörðu. „Okkur hættir til að taka rafmagninu sem sjálfsögðum hlut og erfitt að sjá fyrir sér daglegt líf án rafmagns, ekki síst í kringum jólni,“ segir Eypór Björnsson, forstjóri Norðurorku.



■ Eypór Björnsson forstjóri Norðurorku.



■ Borun hitastigulsholu við Síðuskóla á Akureyri.

Mynd: Hjalti Steinn Gunnarsson

Áskoranir í rekstri hitaveitunnar

Norðurorka hefur nýtt jarðhitakerfið á Hjalteyri í 20 ár og hefur það staðið undir allri aukningu hitaveitunnar frá þeim tíma.

„Við erum þakklát fyrir það að Hjalteyrarkerfið hefur verið svo gjöfult sem raun ber vitni, ekki síst þegar horft er til þess að heitavatsnotkun á Akureyri og hjá tengdum veitum hefur tvöfaldast á þessum tveimur áratugum. Nú eru hins vegar mjög

sterkar visbendingar í þá veru að kerfið á Hjalteyri sé komið að þolmörkum hvað nýtingu varðar,“ segir Eypór.

Undanfarin ár hafi mikil undirbúningsvinna farið fram til að tryggja samfélaginu nægt heitt vatn. Hluti þess er að tryggja Norðurorku jarðhitaréttindi á jörðum í kringum Ytri-Haga á Árskógsströnd, en þar hefur á liðnum árum verið unnið að rannsóknnum ásamt því að reka hitaveitu á svæðinu. Eypór segir að áætlað sé að bora tvær djúpar rannsóknarholur á næsta ári og í framhaldi af því verður boruð vinnsluhola. „Væntingar okkur eru þær að jarðhitakerfið við Ytri-Haga lofi góðu og að hægt verði að nýta heitt vatn af því svæði til framtíðar. Lagnir þaðan verða þá tengdar inn á aðveitulögnina frá Hjalteyri til Akureyrar.“ Einnig sé verið að skoða aðra möguleika, svo sem aukna niðurdælingu á bakrásarvatni til að efla afkastagetu einstakra svæða.

Þörf á rannsóknum til öflunar á heitu vatni hefur aukist hratt og stendur Norðurorka því fyrir borun á 30 rannsóknarholum í Eyjafirði, á svæðum sem ekki höfðu áður verið rannsökuð til hlýtar. „Við vonumst til

Vetrarkort, forsala hafin

Lýðheilsukort – skíði, sund og skautar!



Vetrarkort

Brekkur opna 16. desember!

Forsala til 5. janúar 2023

Kíktu á [miðasöluvefinn](https://miðasöluvefinn.is) á hlidarfjall.is

Hlíðarfjall
Akureyri

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með Hlíðarfjall Akureyri á [facebook](https://facebook.com/hlidarfjall)



Akureyrarbær

að ná að kortleggja jarðhitasvæði í Eyjafirði mun betur en áður hefur verið gert og að það muni styðja við öflun á heitu vatni til lengri tíma,” segir Eypór og bætir við að það séu einnig stórar áskoranir fram undan til að bregðast við aukinni notkun á heitu vatni.

Mikilvægt að ganga vel um heita vatnið

Eypór segir að samhliða aukinni öflun á heitu vatni sé einnig mikilvægt að vinna með notkunarhlíðina, þ.e. að brýna fyrir almenningi ábyrga umgengni við jarðhitaauðlindina og að vatni sé ekki sóað eða það nýtt til verkefna sem skipta samfélagið minna máli. Í því sambandi megi horfa til þess að jarðhitavatn hafi fram til þessa verið ódýr orkugjafi og nýting tekið mið af því. „Í náinni framtíð, þegar við horfum til snjallmæla, skapast tækifæri til að byggja upp verðskrár sem stuðla að skynsamlegri nýtingu á þeirri aulind sem jarðhiti er,” segir hann.

Norðurorka hefur hlotið viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki á



■ Framkvæmdir á vinnslusvæði hitaveitu við Ytri-Haga.

Mynd: Hjalti Steinn Gunnarsson

hverju ári frá 2012, eða í áratug. Fyrirtækið hlaut einnig viðurkenningu Jafnréttisvogarinnar á þessu ári, en tilgangur hennar er að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi. „Við erum stolt af þessum viðurkenningum en þær sýna

að starfsfólk Norðurorku leggur sig fram um að skila góðu verki á hverjum degi, árið um kring,” segir Eypór að lokum.

nordurorka.is

ÞÚ FÆRÐ FALLEGU GJAFABRÉFIN

Á söngleikinn *Chicago* og Nýárstónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands


Í MIÐASÖLU HOFs

GEFÐU ÓGLEYMANLEGA UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF!

Tilvalin jólagjöf handa starfsmannahópnum og þeim sem allt eiga.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Miðasala Hofs er opin frá 13-16 alla virka daga
sími 4501000 | mak@mak.is



Falleg gjafavara

Skemmtilegt og fjölbreytilegt úrval gjafavöru og heimilisvöru frá HAY

HAY



Handklæði Check
4.299 - 2.399 kr.

HAY



Skák HAY PLAY
7.999 kr.

HAY



Blómavasi Jessica Hans sv&hv
12.719 kr.

Sowden brauðrist
14.999 kr.

HAY



HAY



Kertastjaki WS Soft ljóslilla
8.739 kr..

HAY



Rör Sip Swirl 6stk
4.499 kr.

HAY



Kertastjaki Flare
5.939-8.239 kr.

www.penninn.
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

PENNINN

Eymundsson

Stórafmæli og framkvæmdir við Hrafnagilsskóla

Á dögunum var 50 ára afmæli Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit fagnað en tímamótin miðast við formlega vígslu skólahúsnæðisins þann 3. desember 1972. Raunar hófst skólahald í Hrafnagilsskóla ári fyrr en skólinn var heimavistarskóli í upphafi og lengi framan af og var kennt í heimavistarhúsnæðinu fyrsta árið. Nemendur skólans komu á þessum tíma úr Svalbarðsstrandarhreppi, Öngulsstaðahreppi, Saurbæjarhreppi og Hrafnagilshreppi. Þeir voru 64 talsins á fyrsta starfsárinu en um var að ræða nemendur í 1. og 2. bekk gagnfræðastígs sem þá var. Barnaskólar voru hins vegar starfsræktir áfram í hreppunum.

Verðlaunaður skóli og nemendafjöldinn yfir 200

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar; sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit varð til árið 1991 með sameiningu Öngulsstaðahrepps, Saurbæjar-

hrepps og Hrafnagilshrepps. Ári síðar var öll grunnskólastarfsemi sveitarfélagsins sameinuð undir eina stjórn og í kjölfarið færðist allt skólahald í Hrafnagilsskóla.

Á fimmtíu ára starfstíma hefur starfsemi Hrafnagilsskóla gjörbreyst; húsnæði hefur verið stækkað, íþróttaaðstaða byggst upp við skólann, starfsemi Tónlistarskóla Eyjafjarðar við hlið hans, sem og starfsemi leikskólans Krummakots.

Starfsemi Hrafnagilsskóla hefur í gegnum árin vakið mikla athygli fyrir framsækni og hlaut skólinn til að mynda Íslensku menntaverðlaunin árið 2007.

Nemendur Hrafnagilsskóla voru flestir árið 2010, rúmlega 200 en talsvert færri síðasta áratuginn. Allra síðustu ár hefur nemendafjöldinn aukist á nýjan leik í takt við fjölgun íbúa sveitarfélagsins sem nú eru á tólfta hundrað talsins. Nemendur Hrafnagilsskóla eru í dag rúmlega 170.

Bylting með nýjum leikskóla

Enn ein byltingin í skólahaldi í Eyjafjarðarsveit er í farvatninu með byggingu nýs leikskóla sveitarfélagsins sem verður samtengdur Hrafnagilsskóla. Byggingarframkvæmdir eru komnar í fullan gang og er áformað að leikskólinn Krummakot hefji starfsemi í nýja húsnæðinu haustið 2024. Krummakot mun í nýja húsnæðinu geta tekið á móti 120 börnum í leikskólavistun.

Þá er ekki öll sagan sögð í framkvæmdamálum því með viðbyggingunni fæst einnig viðbótarrými fyrir starfsemi Hrafnagilsskóla auk þess sem áformað er að í síðari áfanga framkvæmda verði byggð efri hæð á hluta núverandi skólahúsnæðis Hrafnagilsskóla sem verði nýtt fyrir grunnskólastarfsemina, líkamsræktaraðstöðu og fleira. Gangi áætlanir eftir er miðað við að þeim áfanga ljúki árið 2025.


esveit.is

■ Framkvæmdir við nýja viðbyggingu Hrafnagilsskóla eru komnar í fullan gang. Þangað mun leikskólinn Krummakot flytja auk þess sem húsnæði grunnskólans eykst.

V VERA með þér um jólin




SIF JAKOBS
JEWELLERY



Halldór Ólafsson

ÚR OG SKARTGRIPIR

GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

WWW.HALLDORURSMIDUR.IS

Gott ár hjá Jarðböðunum við Mývatn

Aðsóknin í sumar var á pari við sumarið 2019 og var umfram okkar björtustu vonir. Við erum afskaplega ánægð með árið og horfum bjartsýn til næsta árs,“ segir Raghildur Hólm Sigurðardóttir, markaðsstjóri Jarðbaðanna við Mývatn.

Markaðurinn að rétta sig af eftir Covid


Erlendir ferðamenn eru hátt hlutfall gesta Jarðbaðanna við Mývatn, sér í lagi yfir sumartímann. Þrátt fyrir að ferðapjónustan sé óðum að ná vopnum sínum eftir heimsfaraldur Covid þá eru Asúbúar minna á ferðinni en fyrir hann. Enn sem komið er.

„Núna eru okkar stærstu þjóðir Bandaríkjamenn, Bretar, Þjóðverjar, Frakkar, Ítalir og Spánverjar en jafnt og þétt virðist markaðurinn vera að færa sig í sama horf og var fyrir faraldur,“ segir Raghildur.

Stefnir í stórt ár 2023

Árið 2019 komu tæplega 200 þúsund gestir í Jarðböðin og fyrirspurnir fyrir næsta ár benda sterklega til þess að þeim fjölda verði náð.

„Miðað við bókanir og fyrirspurnir höfum við mjög góða tilfinningu fyrir næsta ári og sér í lagi næsta sumri. Fyrirfram er óvarlegt að tala um sprengingu en við búum okkur undir enn meiri aðsókn, sem þá þýðir að það geta orðið fleiri dagar yfir háönn



■ Tilvalið er að bregða sér í jólaheimsókn í Mývatnssveit og slökun í Jarðböðunum.

ferðamannatímans sem verða uppseldir í bókunarkerfinu okkar. Þetta kerfi hjálpaði okkur á Covid tímanum að dreifa álaginu og hefur sýnt sig að það skilar okkur jafnari dreifingu og færri álagstoppum á starfsfólk nú þegar aðsóknin er að aukast hratt á nýjan leik,“ segir Raghildur.

Gjafabréf og framkvæmdir

Jarðböðin við Mývatn státa af einstöku útsýni og umhverfi. Upplifunin af útsýninu yfir Mývatnssveit er mögnuð hvort heldur sem er að sumri sem vetri. Norðlendingar hafa verið duglegir að leggja leið sína í Jarðböðin á vetrarmánuðum og ekki síst í aðdraganda jóla en einnig njóta jólahlaðborð vinsælda á matsölustöðum í Mývatnssveit og gjarnan er

ferð í Jarðböðin liður í dagskránni. Ragnhildur minnir á gjafakort Jarðbaðanna sem eru tilvalin og vinsæl jólagjöf. Þau er hægt að kaupa í þremur flokkum á tix.is

„Við erum mjög spennt fyrir því sem koma skal næstu ár því nú eru framkvæmdir við nýtt þjónustuhús Jarðbaðanna hafnar og með því fáum við algjörlega nýja og glæsilega aðstöðu til að þjónusta okkar gesti,“ segir Ragnhildur en áformað er að taka nýja þjónustuhúsið í notkun árið 2024. Það er jafnframt 20 ára afmælisár Jarðbaðanna við Mývatn.

Opið er í Jarðböðunum kl. 12-22 og opnunartíma yfir jólin má sjá á heimasíðu þeirra.

jardbodin.is

■ Mikil umbylting verður þegar nýtt þjónustuhús Jarðbaðanna við Mývatn verður tekið í notkun árið 2024. Húsið er þannig hannað að það falli vel að landslagi og verður innangengt úr því í baðlónið.

7.490 KR.



FYRIR
BÖRNIN

6.490 KR.



100%
MERINO ULL
BARNASTÆRDIR
90-170

7.490 KR.



6.490 KR.



JÓLAGJAFIR
SEM HLÝJA

10.990 KR.



FYRIR
HANA

14.990 KR.



100%
MERINO ULL
DÖMU OG HERRA
STÆRDIR
S-XXL

10.990 KR.



FYRIR
HANN

14.990 KR.



Ullarkistan

Úr og skartgripir á einum stað

Tissot er flaggskipið í úrvali okkar enda svissnesk gæðavara í úraframleiðslu,” segir Bjarni Jónsson, úrsmiður í JB úr og skart. Í áratugi hefur fyrirtækið sérhæft sig í sölu úra og viðgerðum á úrum en segja má að úrin séu á sinn hátt skartgripur og stöðug hönnun og tíska í úraframleiðslu. Hvort sem er fyrir þá eldri eða yngri, konur sem karla, þá hefur Bjarni á boðstólum í verslun sinni við Kaupvangsstræti mikið úrval af úrum og gjöf sem hittir alltaf í mark.

Kippur í giftingum

Skartgripir eru líka stór hluti vöruúrvalsins í JB úr og skart og viðurkennir Bjarni að sala á trúlofunar- og giftingarhringum hafi tekið kipp á þessu



■ Tissot er flaggskipið í svissnesku úrunum.



■ Glænýtt hálsmen úr smiðju Valdemars gullsmiðs.



■ Bjarni Jónsson, úrsmiður og Valdemar Viðarsson, gullsmiður í JB úr og skart.

ári þegar faraldurstakmörkunum linnti.

„Um leið og fólk mátti fara að efna til samkvæma á nýjan leik þá kom mikill kraftur sölu giftingarhringa. Greinilegt er að margir höfðu beðið með þær athafnir þar til faraldurinn yrði genginn yfir en í heild hefur verslunin tekið mjög við sér og við finnum líka fyrir aukinni umferð erlendra ferðamanna. Það er talsvert um að ferðamenn komi hér við og kaupi sér íslenska hönnun í skartgripum,” segir Bjarni.

Vinnustofa gullsmiðsins í Kaupvangsstrætið

Fjölbreytt úrval af skartgripum er bæði í verslun JB úr og skart og í vefverslun; hringar, hálsmen, eyrnalokk-

ar, armbönd, trúlofunar- og giftingarhringar, svo nokkuð sé nefnt. JB úr og skart hefur um árabíl selt skartgrip Valdemars Viðarsson, gullsmiðs, og hefur hann nú flutt sína vinnuáðstöðu í JB úr og skart.

„Hver og einn gripur er einstakur, íslenskt handverkssmiði á skartgripum eins og hún gerist best,” segir Bjarni og fagnar því að geta nú boðið viðskiptavinum að hitta gullsmiðinn á staðnum, skoða úrvalið, koma með skartgrip til lagfæringa eða breytinga eða hreinlega fá nýja skartgrip framleidda úr eldra skarti. „Þannig geta skartgripir gengið í endurnýjun lífdaga,” bætir hann við.

jb.is

*Velkomin til Akureyrar
við tökum vel á
móti ykkur!*



Kaupmannafélag
Akureyrar

#loveakureyri

A Christmas card for Rafeyri. The top half has a white background with a yellow lightning bolt on the left. The bottom half has a dark blue background with white starbursts and a faint heart outline. The Rafeyri logo is in the top right, and a holiday message is in the center. Contact information is in a white box at the bottom right.

RAFEYRI
alltaf í stúði!

Starfsmenn Rafeyrar óska
Akureyringum, sem og
landsmönnum öllum, gleðilegra
jóla og farsældar á nýju ári

RAFEYRI EHF
NORÐURTANGA 5
600 AKUREYRI
SÍMI 460 7800
rafeyri@rafeyri.is
www.rafeyri.is

GJAFABRÉF

Í SKÓGARBÖÐIN ER FRÁBÆR GJÖF

AÐGANGUR FYRIR EINN | 5.990

AÐGANGUR FYRIR TVÖ | 11.980

AÐGANGUR FYRIR TVÖ OG TVEIR DRYKKIR | 14.300

UPPHÆÐ AÐ EIGIN VALI



Gjafabréfin fást á
www.forestlagoon.is
og í afgreiðslu Skógarbaðanna

Litadýrð í Lindex

Sparifötin eru í aðalhlutverki líkt og áður en það er gaman að sjá að nú eftir tvö löng Covid ár eru glimmer og palliættur aðeins meira áberandi en áður. Jarðlitirnir eru ennþá til staðar og auðvitað svartur en sterkir litir eru aðeins að taka yfir. Rauður, kóngablár, grænn og sterkur bleikur krydda upp litapallettuna og gera okkur eiginlega þínu spenntar að klæða okkur upp við hin ýmsu tilefni sem fylgja jólahátíðinni,“ segir Elín Ragna Valbjörnsdóttir, verslunarstjóri Lindex á Glerártorgi.

Barnanáttfötin sívinsæl


„Náttfötin eru alltaf langvinsælust í barnafötunum fyrir jólin og þar fast á eftir fylgja merino ullarfötin. Hvort tveggja þjónar vel sem hin fullkomna jólagjöf sem slær alltaf í gegn. Jólaveinninn er líka duglegur að koma til okkar og versla allskyns smágjafir í skóinn,“ segir Elín.

Aðspurð um helstu nýjungar í vöruúrvalinu segir Elín að Lindex hafi að undanförmu verið að prófa sig áfram með íþróttafatnað og frumsýnt í ár nýja „active wear“ línu með allt frá íþróttatoppum og æfingabuxum yfir í það sem vetrarlínan innihaldi, þ.e. alls kyns fatnað fyrir útivistina svo sem skiðabuxur og thermo galla í dömudeild.

Rómantík og jólastuð í bland

Náttföt, kósýsokkar og inniskór eru einnig nokkuð örugg jólagjöf handa dömumni, að sögn Elína, en það hefur færst í aukana að konur komi fyrir í desember og kaupi sér allavega eitt kósý sett til að njóta aðventukvöldanna heima.

„Settin þar sem mamman og börnin eru í stíl slá líka alltaf í gegn. En ég verð samt að nefna að fallegt undirfatasett er alltaf vinsælasta gjöfin frá honum til hennar og fátt hátíðlegra en smá rómantík í bland við allt jólastuðið,“ segir Elín og vekur í lokin athygli á fallegum gjöfum fyrir þá sem allt eiga sem eru Sannar Gjafir frá Unicef en þær fást í Lindex.



■ Náttfötin eru langvinsælust í barnafötunum fyrir jólin.



■ Konurnar geta auðveldlega klætt sig upp í fallegum fötum frá Lindex um hátíðarnar.

Kærleikskúlan

2022

Sölustaðir á Norðurlandi:

Blómaval Akureyri, Casa Akureyri, Húsgagnahöllin
Akureyri, Blóma og gjafabúðin Sauðárkróki,
Soroptimistar Húsavík **og netverslun**
Kærleikskúlunnar á kærleikskulan.is*

Sölutímabil: 8.-23. desember
Verð: 7.400 kr.

Allur ágóði rennur til starfs í þágu
fatlaðra barna og ungmenna.

Kúla með stroku
eftir Karin Sander

KS 2022



*takmarkað upplag



STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA



**Gönguskíða-
pakkar
fyrir alla
fjölskylduna**

.....
20% pakkaafsláttur
.....

Skíðapjónustan

Fjölnisgata 4b | Akureyri | Sími 462 1713

skidathjonustan.com


Aukið úrval heimaprófa

Það hafa orðið miklar breytingar og vitundarvakning má segja varðandi heimapróf, en slíkum prófum sem fólk getur tekið heima við hefur fjölgað. Það er mjög til hagsbóta fyrir almenning að eiga þess kost að taka þessi próf í rólegheitum heima hjá sér,“ segir Jónína Freydis Jóhannesdóttir, lyfjafræðingur og annar eigenda Akureyrarapóteks.

Heimaprófin gefa mörg svör

Hún segir að með tilkomu Covid-19 heimaprófa hafa fleiri heimapróf eða sjálfspróf smám saman verið að bætast við og nokkur komið á markað nýlega. Áður var hægt að kaupa heimapróf við þvagfærasýkingu og klamídiupróf. Óléttupróf hafi verið til í áraðir.

„Það bætist alltaf eitthvað nýtt við,“ segir hún, en nú er hægt að kaupa heimapróf til að mæla D-vítamínskort, járnskort, streptókokkasýkingu og glútenóþol. „Vonandi á úrvalið eftir að aukast enn meira í komandi



■ Nýir starfsmenn hafa bæst við öflugan hóp sem fyrir var í Akureyrarapóteki. Frá vinstri eru Sara Ósk Halldórsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir, Garðar Þorsteinsson og Sigurlaug Ýr Sveinbjörnsdóttir.

fram tíð,“ segir Jónína sem kveðst einnig vilja sjá einnota sjálfspróf fyrir blóðsykurs- og kólesterólmælingu.

D-vítamín og veturinn

Hún segir að mælt sé með því að Íslendingar taki D-vítamín yfir vetrartímann þar sem lítið sólarljós er yfir þann tíma en þeir sem ekki vilja gera það af einhverjum ástæðum geta

keypt heimapróf til að athuga hvort D-vítamínskortur er til staðar. Jónína segir fólk vera að uppgötva heimaprófin og hafi þau reynst vel. „Þessi próf gefa vísbendingar um þá þætti sem þeir vísa til en koma ekki í staðinn fyrir greiningar hjá lækni,“ segir hún.

akureyrarapotek.is

Við sendum landsmönnum okkar bestu óskir um

Gledileg jól

og farsæld á komandi ári

Við minnum félagsmenn á að síðasti skiladagur fyrir styrki á þessu ári er 27. desember!



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLK
AKUREYRI OG NÁGRENN

www.fvsa.is



Þú færð laufabraudið hjá okkur

Kristjánsbakarí aðstoðar þig við jólaundirbúninginn
– við tökum vel á móti þér

OPNUNARTÍMAR VERSLANA
HRÍSALUNDI & HAFNARSTRÆTI
Mán til fös 7:30-17 | Lau & Sun 8-16

braudgerd.is

 [braudgerdkristjans](https://www.facebook.com/braudgerdkristjans)



Daníel stýrir nýárstónleikum í Hofi

Daníel Þorsteinsson stýrir nýárstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands þann 14. janúar en hann hefur sett saman hátíðlega og skemmilega dagskrá af þessu tilefni.

Fluttir verða valsar, polkar, forleikir og aríur eftir tónskáld á borð við Johann Strauss, Sergei Prokofiev og fleiri þekkt tónskáld. Þá verður á tónleikunum frumflutt Fantasia um Ólaf Liljurós sem Michael Jón Clarke samdi sérstaklega af þessu tilefni.

Söngvarar á tónleikunum verða þau Þóra Einarsdóttir, Andri Björn Róbertsson, Hanna Dóra Sturludóttir og Dagur Þorgrímsson. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Gísli Rúnar Víðisson.

Tónleikarnir verða í menningarhúsinu Hofi laugardaginn 14. Janúar kl. 16.

mak.is



■ Daníel Þorsteinsson.



■ Fjórir stórsöngvarar gleðja áhorfendur á nýárstónleikunum þann 14. janúar.

*Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum gleðiríkrar
jólahátíðar og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti
á árinu sem er að líða.*

Starfsfólk Norðurorku


NORÐURORKA
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST





SLÖKUN
VELLÍÐAN
UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

jardbodin.is

Vandaðar jólagjafir og frí innpökkun hjá Vorhús

Vorhús er með verslun að Hafnarstræti 71 á Akureyri ásamt því að vera með mjög veglega vefverslun á vorhus.is. Fyrirtækið býður fría innpökkun og skrifar líka jólakveðju á kortið ef óskað er eftir því.

„Við fundum í Covid faraldrinum hve mikils það var metið að við pökkum frítt inn fyrir viðskiptavinum svo við fórum að auglýsa það sérstaklega fyrir jólin 2020. Nú hefur orðið sprenging í innpökkun og sölu hjá okkur fyrir jólin,“ segir Fjóla Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Vorhús og hlær. „Okkur líður oft eins og við séum á verkstæði jólasveinsins sem gerir þennan tíma enn skemmtilegri.“ Fyrirtækið sendir líka pakka beint til viðtakanda ef pantað er í vefverslun og er þá sem á að fá pakkann fyrir jólin sérstaklega merktur.

Jólahefðir og nýjungar Vorhús


Heitustu nýjungarnar í ár eru Einiberja thermobolli og Einiberja jóla-ilmkerti með dásamlegri angan af sígrænum greinum og nýjar servíettur sem eru hannaðar af Vorhús en framleiddar af Reykjavík Letterpress. Eydis Ólafsdóttir hannaði Einiberja-mynstrið hjá Vorhús. „Innblástur hönnunarinnar er sóttur til hinna alíslensku jóla á árum áður þegar jólatréð var úr tréspýtum og skreytt með einiberjalyngi. Mér finnst mikilvægt að halda í íslenska arfinn okkar frá fornri tíð og nýta sem efnivið í nútímahönnun,“ segir Eydis en Einiberjalínan samanstendur af jólaviskustykkjum, skurðarbretti, konfekt-skál, thermobolla, servíettum og handklæðum, svo dæmi séu nefnd.

Tryggð viðskiptavina mikilvæg fyrir íslensk hönnunarfyrirtæki

„Að halda úti fyrirtæki sem kemur á hverju ári með einhverjar nýjungar krefst stöðugs fjármagns og góðs samstarfs við fjölmarga samstarfsaðila. Viðskiptavinatryggð skiptir okkur miklu máli og því leggjum við



■ Jólalegar Einiberja servíettur eru nýjung í línunni.



■ Thermokönnur í Einiberjalínunni.



■ Þær stöllur í Vorhús hafa í mörg horn að líta nú fyrir jólin enda mikil sala og margir viðskiptavinir nýta sér pökkunarþjónustuna. Frá vinstri: Eydis Ólafsdóttir, hönnuður, Fjóla Karlsdóttir, framkvæmdastjóri og Sigríður Björg Haraldsdóttir, hönnunarstjóri.



■ Villiblómadúk.

mikið upp úr gæðum og góðri þjónustu við bæði einstaklinga og fyrirtæki því án þeirra væri Vorhús ekki orðið 15 ára“ segir Sigríður Björg Haraldsdóttir, hönnunarstjóri Vorhús.

Fjöldi umhverfsvænna og vandaðra vörumerkja hjá Vorhús

Vorhús selur bæði íslenskar hönnunarvörur undir eigin merki sem og aðrar sérvaldar vörur sem eiga það sameiginlegt að vera umhverfsvænar og vandaðar. Fjöldmörg önnur vörumerki eru í boði hjá Vorhús eins og norska skartgripamerkið Secrets by B, Spænska töskumerkið Woouf, umhverfsvænu handtöskurnar frá Pixie mood, íslensku húðvörurnar frá Chito Care, súkkulaðið frá Fríðu á Siglufirði og húfurnar frá Nóna ásamt fjölda annarra merkja.

Vörur í verslun er líka hægt að kaupa í vefverslun á vorhus.is.

Hliðarafurðir Vaðlaheiðarganga nýttast vel

Med tilkomu Skógarbaðanna fyrir á árinu má segja að búið sé að tryggja nýtingu á því heita og kalda vatni sem fannst við gerð Vaðlaheiðarganga á sínum tíma. Sem kunnugt er tafði vatnsflaumurinn fyrir jarðgangagerðinni og jók kostnað við hana umtalsvert. Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir ánægjulegt að sjá vatnið úr göngunum nýttast samfélaginu með arðbærum hætti.

Óhætt er að segja að hliðarafurðir jarðgangagerðarinnar, ef hægt er að nota þá skilgreiningu, hafi nýst vel á svæðinu. Annars vegar er um að ræða vatnið og sem fyrr segir nýttist heita vatnið í Skógarböðin og sömuleiðis er kalda vatnið úr göngunum nýtt í Skógarböðunum að hluta til en að öðru leyti mun það nýttast Norðurorku

fyrir notendur vatnsveitukerfisins á Svalbarðsströnd. Þessu til viðbótar fékkst nýting á það jarðefni úr göngunum sem ekki var notað í vegagerð við göngin en umræddu efni var keyrt í nýtt flughlað sem nú er að taka á sig mynd á Akureyrarflugvelli og í stíginum meðfram Drottningarbraut.

„Þetta er í anda umræðunnar um jarðgangagerð nútímans, þ.e. að efni sem til fellur við jarðgangagerð sé endurnýtt með einhverjum hætti. Til samburðar fer það sem ekki nýttist í vegagerð við jarðgangagerð í Noregi í sjóinn en hér hjá okkur hefur tekist að nýta til fulls allt sem til féll,“ segir Valgeir.

Aðspurður um umferðarþróun í Vaðlaheiðargöngum á árinusegir Valgeir um 5% aukningu hafa verið á umferð miðað við árið 2021. Samsetning umferðar hefur líka breyst milli ára og



■ Heita vatnið sem gestir Skógarbaðanna njóta var beislað með því að gerður var brunnur í gólfi Vaðlaheiðarganga utan um uppsprettuna eða æðina sem opnaðist við gangagerðina. Úr brunnum liggur svo tveggja kílómetra lögn að vestari munna ganganna og þaðan að Skógarböðunum.

hlutfall umferðar vegna erlendra ferðamanna aukist.

veggjald.is

Óskum Akureyringum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

KPMG



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



LINDEX



Deloitte.

Bifreiðaverkstæðið
BAUGSBÓT
Frostagötu 18-603 Akureyri
Síman: 462 7033 & 896 0373

BAUGSBÓT EHF, FROSTAGATA 18, 603 AKUREYRI
KT. 430298 - 2169 VSK.NR. 57284

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Máldur

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

RITFORM

AUÐLINDIN

Kærleikskúla ársins 2022

kúlan sem gleður alla kemur út í tuttugasta sinn

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur staðið að útgáfu Kærleikskúlunnar frá árinu 2003 og í ár kemur út tuttugasta útgáfa kúlunnar. Kærleikskúlan sem gefin er út í takmörkuðu upplagi hefur í gegnum árin fengið frábærar viðtökur landsmanna og er árleg útgáfa hennar orðin hluti af jólah hefð margra.

Auðgar líf fatlaðra barna og ungmenna

Tilgangurinn með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna, með því að efla starfsemi Reykjadalss í Mosfellsdal sem Styrktarfélagið á og rekur ásamt Æfingastöðinni í Reykjavík. Boðið er upp á bæði sumar- og helgardvöl allt árið um kring sem er börnunum, ungmennum og fjölskyldum þeirra afar mikilvægt. Lagt er upp úr því að allir upplifi gleði og ævintýri, eignist vini og dýrmætar minningar. Auk þess hefur Reykjadalur staðið að sumar- búdum í Háholti í Skagafirði frá árinu 2020 og er undirbúningur fyrir komandi sumar þegar hafinn.

Kúla með stroku

Kærleikskúlan var afhjúpuð við hátíðlega athöfn í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur þann 7. desember síðastliðinn og stendur sölutímabil hennar til 23. desember. Kúla með stroku eftir þýsku listakonuna Karin Sander er Kærleikskúla ársins 2022. Karin hefur verið viðloðandi íslenskt listalíf frá því snemma á tíunda áratugnum og er í dag einn fremsti og afkastamesti listamaður sinnar kynslóðar. Verk hennar hafa verið sýnd um heim allan og finnast í opinberum söfnum og safneignum víða um lönd en hún verður fulltrúi Sviss á átjándra alþjóðlega arkitektúr- tæringnum í Feneyjum á komandi ári.

Handgerð rauð pensilstroka listamannsins á Kærleikskúlnni sem svífur í jólatrénu stendur sem táknið um



■ Kærleikskúlan verður fáanleg til 23. desember. Sölustaðir á Norðurlandi eru verslanirnar Blómaval, Casa og Húsgagnahöllin á Akureyri, Blóma og gjafabúðin á Sauðárkróki, Soroptimistar Húsavíkur og auk þess netverslun Kærleikskúlunnar, kærleikskulan.is.



aðgát, sjálfsígrundun og um leið

endapunktur ársins sem er að líða. Kúla með stroku er því hreyfanlegt, síbreytilegt málverk þar sem umhverfið verður hluti af málverkinu sjálfu.

Auk árlegrar útgáfu Kærleikskúlunnar hefur listamaðurinn Karin Sander einnig útbúið og gefið Styrktarfélagið lamaðra og fatlaðra sérstakt verk sem kemur út í aðeins tuttugu eintökum í tilefni af 20 ára útgáfuári Kærleikskúlunnar. Hin gagnsæja Kærleikskúla ber titilinn Kúla og kann að líta út eins og svífandi viðkvæm sápu- kúla en útlitið er blekkjandi. Kúlan er úr gegnheilu gleri og næstum eitt kíló að þyngd, sem reynir á þölmörk trjágreinanna og jafnvægi jólatrésins raskast.

Nánari upplýsingar má finna á kærleikskulan.is

+++++

AKUREYRARAPÓTEK ER OPIÐ ALLA DAGA ÁRSINS

+++++

VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 10-16

SUNNUDAGA 12-16

+++++



AKUREYRAR**APÓTEK**

Skógarböðin hitta í mark

Við erum kát og glöð með síðustu mánuði enda gestafjöldinn kominn yfir 65 þúsund frá því að Skógarböðin voru opnuð í lok maí. Aðsóknin hefur því verið frammar vonum,“ segir Tinna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Skógarbaðanna við Akureyri en óhætt er að segja að þau hafi komið sem stormsveipur inn í ferðapjónustu á svæðinu á árinu.

Nýtt aðdráttarafl í ferðapjónustunni
Hlutfall erlendra og innlendra gesta var nokkuð jafnt á sumarmánuðum en hlutfall innlendra gesta jókst eftir því sem á haustið leið.

„Íslendingar hafa verið duglegir að koma til okkar, bæði ferðafólk og heimafólk. Við höfum séð í haust að

það er vinsælt hjá fyrirtækjahópum að koma til Akureyrar og gera sér glaðan dag í Skógarböðunum. Þau eru augljóslega nýtt aðdráttarafl og afþreying í ferðapjónustunni eins og að var stefnt þegar ákveðið var að hrinda hugmyndinni í framkvæmd,“ segir Tinna.

Skógarumhverfið heillar

„Fyrst og fremst erum við ný og spennandi töfraveröld í baðstaðamenningunni með þetta rómantíska skógarumhverfi. Það er okkar sérstaða. Gestir okkar lýsa mikilli ánægju að fá svona baðstað í næsta nágrenni Akureyrar og sterkri upplifun af húsunum, böðunum og umhverfinu. Fólki finnst það vera komið í annan heim og það merkjum við líka

á því að margir stoppa lengi, njóta baðanna og líka þjónustu veitingastaðarins okkar, Skógur Bistró,“ segir Tinna.

Jólastemning og gjafabréf

Skógarböðin eru opin til kl. 12 á miðnætti alla daga. Í vetur eru í boði einstaklingskort og hjónakort, auk gjafakorta sem vitanlega eru tilvalin jólagjöf. Tinna segir magnaða upplifun að virða norðurljósin og stjörnunar fyrir sér á kvöldin úr böðunum.

„Skógarböðin í vetrarríkinu er eitt hvað sem við biðum spennt eftir að upplifa og vonandi fáum við snjó fyrir jólin til að fullkomna hátíðarstemninguna í Skógarböðunum,“ segir Tinna.

forestlagoon.is



■ Skógarböðin eru sannkölluð veröld töfra, hvort heldur er á sólbjörtum sumardegum eða í rökkrinu og skammdeginu að vetri.

A woman with short dark hair and two children, a girl and a boy, are wearing matching red pajamas with a pattern of small foxes. The woman is sitting on the floor, looking down at the boy who is sitting in front of her. The girl is standing behind the boy, smiling. The background is a plain light gray.

index.is

LINDEX

ICELANDAIR 

Gefðu frá um jólin,



Verður gjöfin
þín gjöfin þín?

Gefðu vini, fjölskyldu eða ástinni fallega gjöf sem skapar dýrmætar minningar — ein gjöf opnar yfir 40 dyr út í heim. Eða kemur þér á milli landsfjórðunga.

Allir sem kaupa gjafabréf frá okkur fram að Þorláksmessu gætu unnið 500.000 kr. gjafabréf.

Kauptu þína gjöf á icelandair.is/gjafabref